



Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Framhald eða frávik?

Innflytjendastefna Bandaríkjanna í embættistíð Trump

Margrét Líf Ólafsdóttir

Júní 2019



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRN MÁLAFRÆÐI DEILD

Framhald eða frávik?
Innflytjendastefna Bandaríkjanna í embættistíð Trump

Margrét Líf Ólafsdóttir

Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Silja Bára Ómarsdóttir

Stjórnmálafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2019

Framhald eða frávik? Innflytjendastefna Bandaríkjanna í embættistíð
Trump

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði.
Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Margrét Líf Ólafsdóttir 2019
Kt. 261095-3009

Reykjavík, Ísland, 2019

Útdráttur

Í þessari ritgerð er sjónum beint að innflytjendastefnu Bandaríkjanna í embættistíð Donald Trump. Til að skoða hvers vegna bandarísk stjórnvöld hafa í gegnum tíðina verið hikandi við að veita ólíkum hópum innflytjenda aðgang verða kenningar þjóðernishyggju notaðar til að greina innflytjendastefnurnar. Innflytjendasaga Bandaríkjanna er rakin með sérstakri áherslu á þau lög sem hafa haft mest áhrif á mótun innflytjendastefnu Bandaríkjanna. Í framhaldi af því er innflytjendastefna Trump skoðuð þar sem tekin eru fyrir tvö tilvik. Annars vegar ferðabannið sem sett var á sjö múslimaríki árið 2017 og hins vegar fyrirætlanir Trump um múr á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó. Ritgerðin leiðir það í ljós að stefnubreytingar Trump eru ekki nýjar leiðir heldur notast hann við fordæmi frá 19. öldinni þar sem kínverskum innflytjendum var hafnað vegna þeirrar ógnar sem þótti stafa af þeim. Ekki er hægt að fullyrða að innflytjendastefna Trump sé framhald af gegnumgangandi innflytjendastefnu Bandaríkjanna þar sem embættistíð Trump er ekki lokið og hann getur því enn gert umtalsverðar breytingar á innflytjendastefnunni. Það er þó ljóst að innflytjendastefna Trump til þessa er ekki eins mikið frávik frá innflytjendastefnu Bandaríkjanna í gegnum tíðina og margir vilja halda.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Ritgerðin er metin til 12 eininga (ECTS) af 180 eininga námi og er skrifuð á vormisseri 2019 fyrir brautskráningu vorið 2019. Leiðbeinandi í verkefninu var Silja Bára Ómarsdóttir og vil ég þakka henni innilega fyrir aðstoðina og leiðsögnina við gerð ritgerðarinnar.

Ég vil þakka foreldrum mínum fyrir allan stuðninginn í gegnum námið. Sömuleiðis vil ég þakka frænku minni, Ingunni Guðmundsdóttur, fyrir góðar ábendingar og yfirlestur á ritgerðinni. Hennar hjálp hefur verið mér dýrmæt í náminu. Að lokum vil ég þakka Alexöndru Sól og Margréti Th. fyrir dásamlegan tíma í náminu og síðast en ekki síst Guðnýju Báru Jónsdóttur fyrir ófáar samverustundir á þessu vormisseri.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
1 Inngangur	6
2 Fræðilegur bakgrunnur: Þjóðernishyggja	9
2.1 Þjóðernishyggja.....	9
3 Sögulegur bakgrunnur: Innflytjendastefna Bandaríkjanna	15
3.1.1 Lög um útilokun Kínverja.....	16
3.1.2 Innflytjendalögin frá 1924	18
3.1.3 Innflytjendalögin frá 1965	20
3.1.4 Hapdrættiskerfi	21
4 Innflytjendastefna Trump frávik eða framhald?	23
4.1 Ferðabann á múslima	24
4.1.1 Upphaflegt ferðabann	24
4.1.2 Seinni útgáfa ferðabannsins	27
4.1.3 Þriðja útgáfa ferðabannsins	29
4.2 Múr á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó	29
5 Umræður	35
6 Lokaorð	42
Heimildaskrá	45

1 Inngangur

Innflytjendastefna Bandaríkjanna hefur verið afar umdeild síðan Donald Trump tók við embætti. „Gerum Bandaríkin frábær aftur“ var kosningaslagorð Trump fyrir forsetakosningarnar árið 2016. Það má með sanni segja að slagorðið hafi verið ein af ástæðum þess að milljónir manna kusu Trump til embættis forseta Bandaríkjanna. Fyrstu þrjú orðin kalla eftir aðgerðum og þjóðernislegum loforðum um að efla framtíð Bandaríkjanna. Hins vegar ætti að veita síðasta orðinu athygli: „aftur“. Þetta eina orð gerbreytir slagorðinu í skuldbindingu um að endurvekja ákveðið tímabil í sögu Bandaríkjanna – tímabil þar sem Bandaríkin voru frábær.

Í gegnum kosningabaráttuna héldu Trump og fulltrúar hans því fram að það væri eitt lykilvandamál sem aftraði Bandaríkjum nútímans frá því að vera „frábær“. Það vandamál væri innflytjendur. Trump hóf kosningabaráttu sína eftirminnilega með því að kalla mexíkóska innflytjendur nauðgara og glæpamenn, þá lofaði hann ítrekað afar umdeildum múr á landamærum Mexíkó og Bandaríkjanna. Tengdi hann innflytjendur við hryðjuverk og kallað eftir „algerri og fulkominni lokun á möguleika múslima til að komast inn í Bandaríkin“ og eftir embættistöku sína lofaði hann að gefa „ofsóttum“ kristnum flóttamönnum forgang inn í Bandaríkin (Trump 2017b). Í fyrstu viku Trump-stjórnarinnar í embætti undirritaði Trump þrjár forsetatilskipanir, tvær til að draga úr fjölda óskráðra innflytjenda í Bandaríkjunum og þá þriðju til að skerða möguleika múslima á að ferðast til Bandaríkjanna og draga úr fjölda flóttamanna sem fengu dvalarleyfi í Bandaríkjunum árlega. Það er því orðið ljóst að sýn Trump-stjórnarinnar um stórkostleg Bandaríki er byggð á þjóðernislegum grunni þar sem fólki er mismunað á grundvelli þjóðernis, kynþáttar og trúarbragða.

Hægt er að draga þá ályktun að þessar þjóðernishugmyndir leiti til þess tímabils þegar móttaka innflytjenda var takmörkuð á grundvelli þjóðernis. Vilji Trump er að hverfa aftur til þess tíma. Mögulega höfum við þar svar við þeirri óorðuðu spurningu sem falin er í slagorðinu „Gerum Bandaríkin frábær aftur“: Sýn Trump á Bandaríkin er farin að líta sífellt meira út eins og Bandaríkin á fyrstu áratugum 20. aldar.

Eftir tvö ár í embætti er enginn efnislegur múr til staðar á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó umfram það sem fyrir var. Hins vegar hafa verið festar í sessi fjölmargar nýjar hindranir fyrir einstaklinga sem vilja koma til Bandaríkjanna og fyrir óskráða innflytjendur

sem sækjast eftir að vera áfram í Bandaríkjunum. Pólítísk umræða hefur gjarnan snúist um það hvers vegna Trump hefur lagt áherslu á innflytjendur í embættistíð sinni. Er það vegna þess að honum þykja innflytjendur vera ógn við öryggi og efnahag Bandaríkjamanna eins og hann hefur gefið til kynna? Eða er það vegna þess að hann hræðist að íbúar þeirra verði minna hvítir og minna kristnir?

Í klofnu (e. polarized) pólítísku samfélagi nútímans eru fá umfjöllunarefni eins umdeild og innflytjendur. Það eru gild rök með og á móti hertri innflytjendalöggjöf sem byggjast á efnahags-, öryggis- og menningarlegum forsendum. Með auknum klofningi í nútímasamfélagi sækir fólk sér upplýsingar frá einsleitum fréttamiðlum og sérfræðingum þeirra. Þetta kann að hafa þær afleiðingar að skilning skortir beggja vegna, sem hefur ýtt undir þá upplifun margra að Trump sé að gerbreyta innflytjendastefnu Bandaríkjanna. Andstæðingum þykir stefna hans harðari og mun beinskeyttari en forvera hans. Stuðningsmönnum þykir hins vegar löngu orðið tímabært að herða innflytjendastefnuna. Það er afar mikilvægt í þessum klofningi að báðir hópar geri sér grein fyrir innflytjendastefnu Bandaríkjanna og afleiðingum hennar á fyrri tímum.

Í þessari ritgerð verður leitast við að svara eftirfarandi spurningu: *Er innflytjendastefna Trump frávik frá eða framhald af gegnumgangandi innflytjendasögu Bandaríkjanna?* Þá er sérstaklega skoðað að hvaða leyti stefna hans er frávik og að hvaða leyti hún byggir á fyrri stefnum og aðferðum. Í framangreindu slagorði og orðræðu Trump býr undirliggjandi andúð á útlendingum og „hinum“ sem vilja breyta Bandaríkjunum. Með þetta í huga verða kenningar þjóðernishyggju notaðar til að greina fyrrum innflytjendastefnur Bandaríkjanna og núverandi stefnu Trump í málefnum innflytjenda.

Hér á eftir eru eftirfarandi kaflar: Í öðrum kafla þessarar ritgerðar er fræðilegur rammi byggður í kringum innflytjendastefnur Bandaríkjanna. Þar verða kenningar þjóðernishyggju kynntar og sjónum beint sérstaklega að því hvernig þær hafa áhrif á sjálfsmynd þjóða. Til að átta sig sem best á innflytjendastefnu Bandaríkjanna í gegnum tíðina verða þær stefnur kynntar í þriðja kafla sem hafa haft hvað mest áhrif á mótun innflytjendasögu Bandaríkjanna. Verður það gert til að varpa skýrara ljósi á þá hugsun og umræðu sem leiðir til útgáfu lagabreytinga. Í fjórða kafla verður stokkið inn í nútímann og stefnubreytingar Trump á innflytjendastefnu Bandaríkjanna teknar fyrir. Fjallað verður ítarlega um tvær stefnubreytingar Trump-stjórnarinnar, það er annars vegar ferðabannið

sem sett var á sjö múslimaríki í byrjun árs 2017 og hins vegar áform Trump um að byggja múr á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó. Í fimmta kafla verður rætt um þessar tvær stefnubreytingar Trump í ljósi þjóðernishyggju og fyrrum innflytjendastefnu Bandaríkjanna. Að lokum eru helstu niðurstöður þessarar ritgerðar dregnar saman í lokaorðum. Ritgerð þessi er hefðbundin heimildaritgerð sem byggir á gagnaöflun úr fræðilegum heimildum auk þess sem stuðst var við blaðagreinar og opinber gögn.

2 Fræðilegur bakgrunnur: Þjóðernishyggja

Til að greina viðfangsefni þessarar ritgerðar verður fjallað um það út frá kenningum þjóðernishyggju en mikilvægt er að skoða hvaða áhrif hún kann að hafa á innflytjendastefnur ríkja. Sjónum verður beint að því hvernig sjálfsmynd þjóða myndast. Skilningur á bandarísku þjóðerni hefur gríðarlega mótandi áhrif á bandarískt stjórnmálalíf og getur hugsanlega skýrt þær efasemdir sem margir Bandaríkjamenn hafa gagnvart því að hleypa innflytjendum inn í landið sem eru af öðrum uppruna en flestir Bandaríkjamenn.

2.1 Þjóðernishyggja

Þjóð, þjóðerni og þjóðernishyggja eru hugtök sem hefur reynst erfitt fyrir fræðimenn að sameinast um skilgreiningu á. Þjóðernishyggja er huglægt fyrirbæri sem hver og einn upplifir á ólíkan hátt. Þeir sem tilheyra þjóð eru oft taldir vera tengdir saman vegna ákveðinna sameiginlegra einkenna og er því gert ráð fyrir að milli þeirra hafi myndast sterkari tengsl en milli fólks af ólíku þjóðerni. Þessi áhersla á þjóðir, hagsmuni þegnanna og sameiginleg einkenni er kölluð þjóðernishyggja.

Stjórnmálafræðingurinn Anne Triandafyllidou (1998) sagði helsta tilgang þjóðernishyggju vera að tryggja og viðhalda fullveldi fyrir hönd íbúa innan ákveðins landsvæðis. Þjóðernishyggja byggir þannig á því að skapa einingu og sameiginlega sjálfsmynd þessara íbúa. Þeir sem styðja þjóðernishyggju telja íbúana vera réttmæta valdhafa landsvæðisins sem um ræðir. Þeir séu ýmist fullvalda þjóð eða eigi rétt á að verða slík (595). Þjóðernishyggja byggir á nokkrum viðbótarforsendum. Í fyrsta lagi að heimurinn skiptist í fullvalda þjóðir sem eru menningarlega mismunandi og hver þeirra einstök. Í öðru lagi að hver einstaklingur tilheyri þjóð og beri skylda til að sýna þeirri þjóð hollustu. Í þriðja lagi að hver þjóð eigi að vera sjálfstæð, stjórna sér sjálf og geta unnið að markmiðum sínum án afskipta annarra (Triandafyllidou 1998, 596).

Undirstaða þjóðernishyggju er því hugtakið þjóð, mikilvægt er að hafa hugfast að þjóð er huglægt fyrirbæri sem hver og einn upplifir á ólíkan hátt. Að því sögðu er ljóst að þjóðin sem slík er hugtak sem ætlað er að tengja fólk saman en um leið aðgreina fólk í ólíka hópa. Félagfræðingurinn Anthony Smith (1991) setti fram skilgreiningu á þjóð sem verður notast við hér. Samkvæmt honum tákna þjóð samfélag fólks sem deilir ákveðnum einkennum eins og sögulegu landsvæði, minningum, menningu, sameiginlegu hagkerfi og

lagalegum réttindum ásamt ákveðnum skyldum sem borgurum ber að fylgja (14). Þjóðernishyggja kemur að góðum notum til að skilja hvernig þessi tengsl milli fólks verða til.

Heimspekingurinn Ernest Gellner (1983) mat það þannig „að þjóðernishyggja skapi þjóðina en ekki öfugt“ (55). Taldi hann að þjóðernishyggja yrði aðeins til við ákveðnar félagslegar aðstæður sem hafi verið uppi eftir iðnbyltinguna. Með henni hafi skapast ákveðin hámenning sem nái yfir alla íbúa og verði þar af leiðandi hluti af sjálfsmyndinni. Menningin kalli á pólitíska einingu sem samsvari sér í að þjóð verði til. Samkvæmt þessu hefur þjóðernishyggja því mikil áhrif á það hverjir geta talist hluti af þjóðinni (Gellner 1983, 54).

Stjórn málafræðingurinn Benedict Anderson (1983) kallaði þá samkennd sem leiðir af þjóðernishyggju *ímynduð samfélög*. Í því samhengi er Anderson að vísa til þess að einstaklingar innan jafnvel minnstu þjóðar muni aldrei þekkja alla meðlimi hennar en þrátt fyrir það upplifi fólk sig sem hluta af sérstakri heild, þessi heild er aðeins til í huga þeirra. Ímynd um einstök tengsl þeirra á milli byggir á ákveðnum sameiginlegum einkennum sem hafa verið mótuð, svo sem hagsmunum og viðmiðum. Bæði Anderson (1983) og Gellner (1983) lögðu áherslu á að þjóðir væru ekki náttúrulegar eða lífrænar heildir. Einnig töldu þeir mikilvægt að hafa í huga að þjóðernishyggja tilheyrir ekki eðli mannsins heldur væri hún afleiðing pólitískra átaka (7; 13). Taldi Anderson (1983) að þjóðernishyggja hafi risið sem pólitískt afl þegar vikið var frá því stjórnarfari sem fólst í einveldi og trúarbrögðum. Sagði hann að aflið sem felst í þjóðernishyggju kæmi til vegna þeirra sterku tilfinninga sem hún vekur meðal manna (Anderson 1983, 11).

Anderson talaði einnig um í kenningum sínum að þjóðir væru ímyndaðar með takmörkunum (e. „imagined as limited“); allar þjóðir hafi tiltekin mörk sem hafa verið mótuð um þær og utan þeirra eru aðrar þjóðir. Mikilvægt er að hafa þessar takmarkanir í huga því í þeim felst undirstaða þjóðernishyggju. Þessar takmarkanir eru byggðar á kenningum um sjálfsmynd þar sem bent er á að sjálfsmynd þróast alltaf í tengslum við „hitt“ (e. the other). Því án hins getur sjálfið ekki skilgreint sig. Kenningar um sjálfsmynd eiga við um einstaklinga en líka hópa eins og þjóðir. Af stað fer einhvers konar ferli þar sem við flokkum hvaða sameiginlegu einkenni við eigum með öðrum og hvað einkenni aðgreina okkur. Á þennan hátt mótast í hugum okkar þjóðernisvitund sem byggir á því

hvaða sameiginlegu einkenni einstaklingur á með eigin þjóð og um leið hvaða einkenni aðgreinir þá þjóð frá öðrum þjóðum (Anderson 1983, 14). Með mikilli einfaldni mætti segja að við erum við vegna þess að við erum frábrugðin hinum.

Samkvæmt stjórn málafræðingnum James Kellas (1998) felst ákveðin tvískipting í kenningum þjóðernishyggju. Annars vegar væru sögulegar, menningarlegar og efnahagslegar forsendur notaðar til að réttlæta þjóðernishyggju og hins vegar væri horft til mannlegs eðlis og náttúrulegra hvata. Segir hann að þessir tveir flokkar blandist þannig að líffræðilega skýringin er notuð til að réttlæta félagslegu skýringuna. Í því felst að hópar sameinist um ýmis sameiginleg einkenni vegna þess að það sé í eðli fólks að mynda tengsl við þá sem þeir eiga margt sameiginlegt með (15). Norski mannfræðingurinn Thomas Eriksen (2010) tekur undir þetta og segir að hluti af réttlætingu á þjóðernishyggju sé að tengja fyrirbærið þjóð við einhvers konar stækkaða mynd af fjölskyldu með vísun í orð eins og móðurmál, bræðralag og föðurland. Með þessu sé þjóðernishyggja álitin náttúrulegt fyrirbæri (31).

Eriksen (2010) talaði um mikilvægi þess að hafa í huga að þjóðernishyggja snúi ekki eingöngu að því að mynda samkennd innan hópa heldur sé hún einnig verkfæri sem er oft á tíðum notað í pólitískum tilgangi. Hann segir að þjóðernishyggja geri ráð fyrir að mörk séu dregin við landamæri. Innan þeirra séu ákveðin sameiginleg einkenni sem búið er að skilgreina og allir innan þeirra eigi að deila (24). Eriksen benti á að hugmyndafræði þjóðernishyggju snúist um að réttlæta það að ákveðinn þjóðernishópur eða þjóð fari með pólitískt vald á afmörkuð landsvæði. Pólitískt vald er því undirrót þjóðernishyggju og er verkfæri til að halda íbúum innan þessa skilgreinda ramma svo stjórnvöld geti haft yfirsýn yfir þá (26).

Alþjóðastjórn málafræðingurinn Monterrat Guibernau (1999) sagði að þjóðernishyggja væri afar mikilvægt verkfæri fyrir nútíma ríki til að allir íbúar gætu átt í nauðsynlegum samskiptum sem með tímanum hefur orðið mikilvægara vegna markaðsvæðingar. Þjóðernishyggja hefur þau áhrif að hugmyndum og einkennum ríkjandi hóps innan ríkisins er þröngvað yfir á aðra þegna ríkisins (19). Slíka sambættingu kallaði Eriksen (2010) stöðlun þegnanna. Hún felst meðal annars í staðlaðri menntun, opinberu tungumáli og sameiginlegri hagsmungaæslu. Sagði hann þjóðernishyggju hafa getu til að skapa samkennd og tryggð meðal fjölda fólks sem tilheyrir sömu þjóð (Eriksen 2010, 41).

Til að skapa þjóð úr ólíkum hópum var á sínum tíma skilgreind ákveðin þjóðtrú, landamæri, opinbert tungumál og sótt voru sameiginleg tákni í söguna sem hin nýja þjóð gæti sameinast um (Eriksen 2010, 43).

Alþjóðastjórnsmálafræðingurinn Nezahat Altuntaş (2010) sagði að þjóðernishyggja gæti birst hvenær sem er í sögunni óháð efnahagslegri og félagslegri þróun. Þar af leiðandi væri þjóðernishyggja ævarandi hugmynd sem gæti tekið breytingum í tímans rás en einnig væri hún breytileg milli landsvæða (Altuntaş 2010, 419). Altuntaş lagði áherslu á að þjóðernishyggja hafi tekið breytingum í gegnum tíðina í tengslum við aukið flæði fólks vegna hnattvæðingar. Þannig mætti skipta henni upp í tímabil þar sem mismunandi áhersla væri á sameiginleg einkenni. Á 19. öld einkenndist þjóðernishyggja af upplifun ríkisborgara af tengslum við ríkið og var minni áhersla á tengingu á milli þjóðernishyggju og þjóðernis, trúarbragða eða kynþáttar. Á 20. öld tók birtingarmynd þjóðernishyggju að breytast og hún fór að snúa frekar að þjóðerni og sameiginlegum uppruna vegna heimsstyrjaldanna sem höfðu orðið til þess að fólk hraktist frá heimalandi sínu. Vegna aukins flæðis fólks var ekki lengur hægt að tengja þjóðerni ríkisborgara við ríkið sem hann bjó í. Nú á fyrri hluta 21. aldar hefur sjálfsmynd þegnanna farið að byggja meira á trúarbrögðum. Vegna þeirrar þróunar sem hefur fylgt hnattvæðingu og auknu flæði fólks um heiminn hefur þetta orðið einkenni sem þjóðernishyggja leitar í (Altuntaş 2010, 420-421).

Alþjóðastjórnsmálafræðingurinn Ali Behdad fjallar um birtingarmynd bandarískrar þjóðernishyggju í innflytjendastefnu Bandaríkjanna í bók sinni *A forgetful nation* frá árinu 2005. Þar tekur hann dæmi um fyrstu móttökumiðstöð innflytjenda í Bandaríkjunum, Ellis Island, og segir að upphafning þess staðar endurspegli þann valkvæða hátt sem sameiginleg sjálfsmynd Bandaríkjamanna er byggð á. Ellis Island var megininngangur innflytjenda til Bandaríkjanna og er talið að yfir 70% þeirra sem komu til Bandaríkjanna á árunum 1892 til 1924 hafi komið þar í gegn (Behdad 2005, 1). Telur hann að alríkisýfirvöld í Bandaríkjunum hafi notað Ellis Island til að útfæra og stofnanavæða útilokandi stefnur og reglugerðir í málefnum innflytjenda sem hafa einkennt Bandaríkin (Behdad 2005, 85).

Behdad (2005) bendir hins vegar á að þegar innflytjendasafnið á Ellis Island (e. Ellis Island Museum of Immigration) var opnað árið 1990 til að minnast innflytjendahefðar þjóðarinnar hafi fá ummerki um þá útilokandi tilburði sem beitt var á þessum tíma verið

sýnileg. Safnið á að vera táknrænn staður um innflytjendaarfleifð þjóðarinnar og leitast við að auðvelda gestum að feta í fótspor forfeðra sinna á vinalegan hátt sem um leið þurrkar út allar vísbendingar um útilokandi hlutverk eyjunnar (Behdad 2005 9-10). Aðstandendur safnsins vildu skapa þá ímynd að Bandaríkin væru stórkostlegt land og að Bandaríkjamenn ættu arfleifð sem þeir gætu verið stoltir af. Fráhrindandi hliðin á innflytjendastjórnun á eyjunni er því þurrkuð út og rómantísk, jákvæð mynd sett á svið. Behdad telur að sú raunsæja ákvörðun að undanskilja meirihluta af sögu innflytjendastjórnunar á Ellis Island endurspegli þann gleyskulega hátt (e. forgetful way) sem áhrif innflytjenda hafi á sjálfsmynd Bandaríkjanna (Behdad 2005, 2). Innflytjendasafnið á Ellis Island er dæmi um goðsögnina um „Bandaríki innflytjendanna“ sem þjóðin er mynduð á (Behdad 2005, 3).

Óvarkár framsetning þjóðarinnar á innflytjendaarfleifð sinni er hluti af víðtækara sögulegu minnisleysi um myndun Bandaríkjanna sem ímyndað samfélag. Fræðimenn eins og Ernest Renan og Étienne Balibar sem hafa skoðað þjóðríki hafa sýnt fram á hve mikilvægt sé að ritskoða það pólitíska verkefni sem felst í að stofna þjóðríki. Þeir segja að sögur af þjóðríkjum séu yfirleitt kynntar sem frásagnir af sigrum, sem bæli niður þau grimmdarverk sem hafa verið framin til þess að ná einingu þjóðarinnar. Viljinn til að ímynda sér sameinað samfélag felur í sér að upprunalegt ofbeldi verður að undanskilja frá opinberri sögu ríkisins til að veita stofnun þjóðarinnar lögmæti (Behdad 2005, 54-55). Behdad telur að Bandaríkin séu engin undantekning og bendir hann á það sé einnig minnisleysi þjóðarinnar sem stöðugt afneitar ábyrgð á ofbeldisfullu upphafi ríkisins til að skýra hið ímyndaða lýðræðislega samfélag (Behdad 2005, 5).

Bandarísk þjóðernishyggja er oft tengd við pólitískar hugsjónir en ekki menningar- eða þjóðernislega yfirburði. Þessi sýn passar vel við samfélag sem sér sig sem menningar- og þjóðernislegan suðupott. Eins og fyrrverandi forseti Bandaríkjanna George W. Bush sagði í ræðu árið 2003: „There is no American race; there's only an American creed.“ Samkvæmt Bandaríkjamönnum eru yfirburðir þessarar sannfæringar (e. creed) óhjákvæmilegir. Bandarískar stofnanir og hugmyndir ásamt þeim árangri sem rakinn er til þeirra hefur sannfært Bandaríkjamenn um að þeirra gildi ættu að vera alls staðar. Í þessu ljósi má sjá það meginsteff að iðulega þegar árásir eru gerðar á Bandaríkin er það túlkað sem árás á bandarísk gildi (Pei 2003, 32). Þjóðernishyggja í Bandaríkjunum hefur verið

afar sterk í gegnum tíðina. Hún hefur hjálpað til við að binda saman fjölmenna og margbrotna þjóð með lagaskipt stjórnvöld (Kersh og Morone 2018, 101).

Í skoðanakönnun frá árinu 1999 sögðust 72% Bandaríkjamanna vera stolt af landinu sínu. Næstir á eftir komu Bretar með 53% og í þriðja sæti Frakkar með 35%. Þessar tölur hafa tekið litlum breytingum en árið 1999 höfðu tölurnar nánast ekkert breyst frá þeim sem höfðu birst 15 árum fyrr eða um miðjan níunda áratuginn (75%, 54%, 35%). Sex af hverjum tíu Bandaríkjamönnum trúðu árið 2003 að: „þeirra menning væri æðri öðrum“ (Götzke og Koven 2010, 31). Ljóst er að hin sameiginlega saga þjóðarinnar þarf ekki að byggja á sögulegri nákvæmni heldur aðeins á sameiginlegum skilningi þegnanna, sem þarf í raun ekki að vera meira en goðsögn sem þjóðin hefur í gegnum tíðina sameinast um að trúa á (Behdad 2005, 41).

3 Sögulegur bakgrunnur: Innflytjendastefna Bandaríkjanna

Í nútímasamfélagi Bandaríkjanna trúir meirihluti bandarískra ríkisborgara því að það ættu að vera meiri stjórn og hömlur á innflytjendum (Young 2017, 217). Til að hægt sé að leggja mat á stöðu innflytjenda í bandarísku samfélagi samtímans er nauðsynlegt að líta á hana í sögulegu samhengi. Í þessum kafla verður saga bandarískra innflytjenda og löggjafar í málaflokknum, sem hefur bæði brugðist við streymi fólks og mótað það, rakin í stuttu máli. Bandaríkin hafa lengi verið talin vera land innflytjenda og kynslóðir innflytjenda hafa mótað þróun ríkisins.

Í dag eru einstaklingar um allan heim sem vonast eftir að komast til Bandaríkjanna í von um betra líf. Viðhorf og lög í kringum innflytjendastefnu Bandaríkjanna hafa verið mjög sveiflukennd í gegnum tíðina, allt frá vinalegu viðhorfi til útilokandi. Í gegnum söguna hafa Bandaríkin átt erfitt með að standa við einkunnarorð sín; *E pluribus unum*, eða „úr fjöldanum verður eitt“ eins og stendur á innsigli Bandaríkjanna. Einkunnarorðin vísa til hins misleita uppruna þjóðarinnar en gera það hins vegar að markmiði að sameina þessi mörgu brot í eitt (Götzke og Koven 2010, 2).

Á tímabilinu áður en ameríska nýlendan varð sjálfstæð voru aðkomumenn frá Evrópu þekktir sem nýlendubúar eða landnemar. Orðið „innflytjandi“ var fyrst notað árið 1787, 11 árum eftir Sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkjanna (e. *the Declaration of Independence*). Innflytjandi var álitid niðrandi hugtak þar sem fólk trúði því staðfastlega að þeirra forfeður sem komu fyrir árið 1776 væru æðri þeim sem komu seinna. Mismununin átti í raun ekki við nein söguleg rök að styðjast. Landnemar og innflytjendur voru af sömu stétt og fluttust úr landi vegna svipaðra ástæðna. Báðir hóparnir þurftu að ferðast yfir hafið og aðlagast samfélagi mjög ólíku því sem þeir komu frá (Jones 1976, 10-11).

Eftir að Bandaríkin fengu sjálfstæði frá Bretlandi við lok 18. aldar jókst flæði innflytjenda til landsins í leit að nýju upphafi. Við upphaf 19. aldar komu innflytjendur aðallega frá Skandinavíu. Eftir því sem leið á 19. öldina varð breyting á fólksflutningum til Bandaríkjanna. Mikill fjöldi innflytjenda frá Austur- og Suður-Evrópu settist að á austurströnd Bandaríkjanna og á vesturströndinni jókst fjöldi asískra innflytjenda. Þessar breytingar höfðu í för með sér ákveðin vandamál. Fyrir þetta nýaðflutta fólk frá Asíu og Evrópu þótti tungumálhindrunin meiri og breytingin á milli þess sem þau höfðu skilið eftir og hins nýja lands var mikil (Kennedy 1964, 57).

Í mars árið 1790 samþykkti Bandaríkjaþing í fyrsta skipti lög um veitingu ríkisborgararéttar (e. The Naturalization Act). Löggjöfin heimilaði öllu hvítu frjálsu fólki með óflekkað mannorð (e. of good character) sem hafði búið í Bandaríkjunum í tvö ár eða lengur að sækja um ríkisborgararétt. Án ríkisborgararéttar hafði fólk ekki sömu stjórnarskrárvörðu réttindi og aðrir, þar með talið kosningarétt, eignarrétt á landi og/eða rétt til að bera vitni í dómsal (Jones 1976, 14). Þetta er talið hafa verið fyrsta skref í mótun sjálfsmyndar Bandaríkjanna sem átti eftir að leiða til útilokunar innflytjenda á grundvelli þjóðernis, kynþáttar, stéttar og trúarbragða og hefur einkennt innflytjendastefnu Bandaríkjanna allar götur síðan.

3.1.1 Lög um útilokun Kínverja

Kínverskir innflytjendur voru velkomnir til Bandaríkjanna á meðan gullæðið stóð yfir í Kaliforníu frá árinu 1848 og þar til lagningu lestarteina (e. Central Pacific Railroad) lauk árið 1869. Á árunum 1850 til 1882 komu um það bil 110.000 Kínverjar til Bandaríkjanna, þar af margir í tímabundna dvöl og enn fleiri sem ætluðu að bætast í ört stækkandi hóp innflytjenda sem vann í námum, landbúnaði eða að byggingu lestarteina yfir Bandaríkin (Calavita 2000, 4). Andstaða við kínverska innflytjendur í Bandaríkjunum jókst þegar leið á sjöunda áratug 19. aldar. Hún byggði á tvennu, annars vegar hugmyndum um sjálfsmynd bandarísku þjóðarinnar sem kínverskir innflytjendur aðlöguðust illa og hins vegar samkeppni á vinnumarkaði (Young 2017, 220).

Kínverjar kepptu við hvíta innfædda Bandaríkjamenn um störf í námum, verksmiðjum og landbúnaði. Iðulega voru Kínverjar ódýrara vinnuafl. Eftir að uppbyggingu lestarteinanna lauk og með tímabundnum efnahagssamdrætti varð meiri samkeppni á vinnumarkaði. Síðan árið 1860 höfðu hreyfingar gegn Kínverjum sprottið upp á vesturströnd Bandaríkjanna sem einna helst beittu sér gegn skipulögðu vinnuafli Kínverja. Ríki á vesturströndinni hófu að setja lög til að hamla fjölgun Kínverja, til að mynda voru sett lög innan Kaliforníu þar sem þátttöku Kínverja í tilteknum atvinnugreinum voru sett mörk og einnig voru samþykkt lög sem drógu úr fjölda kínverskra innflytjenda sem komu til ríkisins (Calavita 2000, 6).

Reiði innfæddra í garð kínverskra innflytjenda var einnig byggð á þeirri skynjun að Kínverjar samlöguðust ekki samfélaginu, venjur þeirra og lífarni þóttu vera félagsleg ógn við Bandaríkin. Sú upplifun að Kínverjar væru ófærir um að samlagast samfélaginu var að

mörgu leyti byggð á framkomu þeirra, bæði líkamlegri en einnig tilhneigingu þeirra til að varðveita menningu og tungumál heimalandsins. Menningarheimur Kínverja var ekki aðeins talinn frumstæður heldur þótti hann ógna tilvist bandarískra lýðræðisstofnana (Young 2017, 219). Þessar skoðanir birtast í orðræðu Stephan J. Field, sem var dómari í hæstarétti Kaliforníu áður en hann varð dómari við hæstarétt Bandaríkjanna árið 1863, en hann talaði opinberlega gegn kínverskum innflytjendum. Field sagði Kínverja vinnusama og sparsama en benti á að þeir samlöguðust illa samfélaginu og tækju fá skref til að aðlagast því frekar. Hann óttaðist að hvítir íbúar vesturhluta Bandaríkjanna yrðu undir ef ekkert yrði gert til að sporna gegn fjölda kínverskra innflytjenda (Götzke og Koven 2010, 128). Endurspeglar þetta ríkjandi álit innfæddra Bandaríkjamanna á þessum tíma og var viðtekinn talsmáti á þessum tíma að tala um kínverska innflytjendur sem „Gulu hættuna“ (e. Yellow Peril) (Young 2017, 220).

Andspyrnuhreyfingar reyndu lengi að ná eyrum sem flestra Bandaríkjamanna og draga upp efasemdir um kínverska innflytjendur. Þessi viðleitni þeirra varð loks að veruleika 6. maí 1882 þegar Bandaríkjaþing samþykkti lög um útilokun kínverja (e. the Chinese Exclusion Act). Lögin bönnuðu komu verkafólks frá Kína næstu tíu árin, auk þess sem engum kínverskum innflytjendum voru veitt borgararéttindi á þessum tíma. Lögin kváðu á um að kaupmenn, kennarar, starfsmenn opinberra stofnana og fólk í öðrum sérstökum atvinnugreinum sem tilheyrði efri stéttum samfélagsins væri undanþegið löggjöfinni (Lee 2002, 36-37). Árið 1892 voru lögin aftur framlengd um tíu ár til viðbótar auk þess sem vísa mátti öllum Kínverjum sem ekki áttu opinber skilríki sem heimiluðu þeim búsetu í Bandaríkjunum úr landi (Lee 2002, 39).

Fræðimenn hafa bent á að lögin um útilokun Kínverja marki tímamót í sögu Bandaríkjanna. Þetta eru ekki aðeins fyrstu hamlandi innflytjendalögin, heldur eru þau einnig fyrstu lögin sem mismuna innflytjendum á grundvelli þjóðernis, kynþáttar og stéttar. Þar af leiðandi er talið að þetta móti innflytjendastefnu Bandaríkjanna á 20. öldinni sem miðaði mjög að bæði þjóðerni og kynþætti. Saman höfðu hugmyndir um sjálfsmynd þjóðarinnar og efnahagsleg samkeppni þegnanna skapað tilfinningar um að ógn stafaði af kínverskum innflytjendum (Lee 2002, 39). Á tímabili leiddu þessar tilfinningar til ofbeldis þar sem hvítir innfæddir Bandaríkjamenn réðust á kínverska innflytjendur. Mótmælendur í San Francisco urðu 21 kínverskum innflytjendum að bana

árið 1871, þá dró æstur múgur í Rock Spring í Wyoming fylki til dauða 28 kínverskra innflytjendur og neyddi hundruð frá heimilum sínum. Útilokun Kínverja í Bandaríkjunum varði í nánast sex áratugi (Götzke og Koven 2010, 129).

Erika Lee (2002) bendir á að lögin um útilokun Kínverja hafi ekki aðeins haft mótandi áhrif með því að vera fyrstu innflytjendalögin, heldur hafi þau kynnt fyrir Bandaríkjamönnum hugmyndafræði sem einkennist af því að hindra aðgang (e. gatekeeping). Lögin hafi þannig breytt sýn þeirra á kynþátt og innflytjendur. Löggjöfin lögleiddi og efldi þörfina fyrir hömlur, útilokun og brottflutning óvelkominna innflytjenda. Þá má einnig segja að löggjöfin hafi ekki aðeins skapað fordæmi fyrir því hvernig átti að takmarka innflytjendaflæði, heldur skapaði hún einnig ferli og aðföng innan stjórnsýslunnar sem hægt var að nýta til að framfylgja stefnum sem stjórnvöld settu í innflytjendamálum (39).

3.1.2 Innflytjendalögin frá 1924

Á meðan innflytjendur af asískum uppruna höfðu aðallega haft áhrif á vesturströnd Bandaríkjanna hafði innflytjendum frá Austur- og Suður-Evrópu fjölgað hratt á austurströndinni. Við upphaf 20. aldar voru rúmlega 70% innflytjenda frá löndum eins og Ungverjalandi, Ítalíu, Rússlandi, Grikklandi, Rúmeníu og Tyrklandi (Young 2017, 221). Gremja innfæddra í garð þessarar nýju bylgju evrópskra innflytjenda stafaði af langvarandi kynþátta- og menningarlegum fordómum meðal Bandaríkjamanna sem sögðu Norður- og Vestur-evrópska arfleifð vera öðrum æðri. Þessir fordómar leiddu til þess að innfæddum Bandaríkjamönnum þóttu Suður- og Austur-evrópskir innflytjendur, líkt og kínverskir innflytjendur, of ólíkir hvítum innfæddum Bandaríkjamönnum til að samlagast þeim (Young 2017, 23).

Verkamannastéttinni í Bandaríkjunum þótti sér vera ógnað af þessum nýja hóp innflytjenda frá Evrópu. Annars vegar vegna ólíkra menningarlegra einkenna auk þess sem almenn orðræða hafði skapaði þá ásýnd að hópurinn væri samsettur úr ofbeldismönnum og óreglufólki og hins vegar vegna aukinnar samkeppni á bandarískum vinnumarkaði. Fyrir marga táknaði ný bylgja innflytjenda ógn við persónulega velferð. Yfirstétt, menntamenn, fréttamenn og fólk í viðskiptalífinu voru einnig andsnúin nýjum innflytjendum vegna uppruna þeirra og af efnahagslegum ástæðum. Skoðanir þessara

hópa voru oft birtar í fjölmiðlum sem ýtti undir enn frekari gremju meðal verkamannastéttarinnar í garð innflytjenda (Young 2017, 222).

Innblásið af kynbótasinum á borð við Madison Grant, hóf bandaríska þingið á öðrum áratug 20. aldar að móta stefnu sem hamlaði komu fjölda innflytjenda. Grant taldi mikilvægt að gæta að breytingu kynstofns innflytjenda til Bandaríkjanna. Með því átti hann við afleiðingar aukins fjölda innflytjenda frá Austur- og Suður-Evrópu og fækkun frá Norður- og Vestur-Evrópu (Götzke og Koven 2010, 12). Með innflytjendalögunum sem þingið staðfesti árið 1924 var fest í sessi kvótakerfi við inntöku innflytjenda. Með lögunum var fjöldi innflytjenda sem fékk landvistarleyfi í Bandaríkjunum frá hverju landi takmarkaður við 2% af þeim fjölda innflytjenda sem höfðu landvistarleyfi í Bandaríkjunum af hverju þjóðerni samkvæmt manntali frá árinu 1890. Til að setja það í samhengi má taka dæmi: ef þúsund Íslendingar hefðu haft landvistarleyfi í Bandaríkjunum árið 1890 hefðu 2% af þeim fjölda eða 20 Íslendingar getað fengið landvistarleyfi árlega í Bandaríkjunum eftir breytinguna. Löggjöfin útilokaði alveg komu innflytjenda frá Asíu (Götzke og Koven 2010, 132).

Löggjöfin frá 1924 endurspeglar vinsælt viðhorf á þessum tíma. David Reed þáverandi öldungadeildarþingmaður frá Pennsylvaníu undirstrikaði það þegar hann benti á að sagan hafi kennt Bandaríkjamönnum að innflytjendur sem fengju landvistarleyfi hér eftir þyrftu að vera af sama kynþætti og þeir sem væru nú þegar í landinu. Þannig ætti sá kvóti af innflytjendum sem hleypt yrði inn í landið ár hvert að vera eins konar smækkuð eftirmynd af þjóðinni (Götzke og Koven 2010, 121). Nýkjörinn forseti Bandaríkjanna á þessum tíma, Calvin Coolidge, kallaði eftir því í innsetningarræðu sinni árið 1923 að gengið yrði til aðgerða til að tryggja að „Ameríkanar yrðu áfam Ameríkanar“ (Jones 1976, 41).

Eins og sést á slíkri orðræðu var umræðan á þann veg að innflytjendur ógnuðu þeim sem fyrir voru. Var þá helst vísað til fimm atriða: (1) áhrif á efnahag, (2) áhrif á samlögun, (3) áhrif á sjálfstjórn, (4) þá breyttu þeir samsetningu kynþáttar þjóðarinnar, (5) auk þess breyttu þeir landfræðilegum uppruna meirihluta þjóðarinnar (Götzke og Koven 2010, 133). Löggjöfin náði því takmarki sem lagt var upp með: að fækka innflytjendum og um leið fækka innflytjendum frá Austur- og Suður-Evrópu. Löggjöfin var gerð ótímabundin árið 1929 (Götzke og Koven 2010, 11).

3.1.3 Innflytjendalögin frá 1965

Til að skilja af hverju „fjölbreytnihappdrættið“ (e. diversity lottery) er til í dag þarf að skilja hvaðan hvatinn fyrir slíka stefnu kemur. Hvatann má rekja til samþykkis á nýrri innflytjendalöggjöf árið 1965, þar sem happdrættiskerfið var beint svar við þeirri löggjöf (Law 2002, 4). Kjör fyrrum forseta Bandaríkjanna, John F. Kennedy árið 1960, hleypti nýrri umræðu um innflytjendastefnu ríkisins af stað, en þá hafði kvótakerfi verið við lýði í fjóra áratugi í Bandaríkjunum. Stuttu eftir að hann tók við embætti kynnti hann nýja innflytjendalöggjöf. Það var þó ekki fyrr en eftir morðið á Kennedy og kjör Lyndon Johnson árið 1964 sem þingið samþykkti löggjöfina (Götzke og Koven 2010, 11).

Innflytjendalöggjöfin frá árinu 1965 markar ný þáttaskil í innflytjendastefnu Bandaríkjanna. Löggjöfin var talin vera frjálslýnd og gerðar voru miklar umbætur á bandarísku innflytjendakerfi þar sem kynþáttur og þjóðerni fengu ekki að hafa áhrif á valferlið. Í stað hins ósveigjanlega kvótakerfis, mótaði þingið tveggja viðmiða kerfi. Nú var viðurkenningu innflytjenda forgangsraðað annars vegar eftir nánnum fjölskyldutengslum við ríkisborgara í Bandaríkjunum og hins vegar atvinnugetu. Þannig var komið fyrir hlutlausu forgangskerfi og var leyfilegt hámark innflytjenda frá hverju ríki 20.000 manns árlega (Law 2002, 4).

Löggjöfin hafði afleiðingar sem stuðningsmenn hennar höfðu ekki séð fyrir. Sérfræðingarnir sem stóðu að reglugerðinni töldu að Evrópubúar myndu helst njóta góðs af breytingunni þar sem gert var ráð fyrir að þeir hópar sem væru nú þegar komnir til Bandaríkjanna myndu sækjast eftir að fá fjölskyldumeðlimi sína til Bandaríkjanna og minna yrði um umsóknir frá minnihlutahópum af t.d. asískum og afrískum uppruna. Fyrri bylgjur innflytjenda höfðu helst komið frá Norður- og Vestur-Evrópu. Eftir breytinguna árið 1965 dróst fjöldi innflytjenda frá Austur- og Suður-Evrópu lítillega saman en hins vegar varð sprenging í aukningu innflytjenda frá Asíu og Suður-Ameríku (Law 2002, 5).

Innflytjendur frá Suður-Ameríku nutu góðs af ákvæðinu sem sneri að fjölskyldutengslum og hins vegar nýttist ákvæðið um atvinnugetu innflytjendum frá Asíu. Árið 1975 hafði innflytjendum frá Asíu og Suður-Ameríku fjölgað gríðarlega og voru þeir rúmlega 65% af öllum innflytjendum sem komu til Bandaríkjanna árlega (Law 2002, 5). Þar að auki höfðu Bandaríkin byrjað að bjóða flóttafólk velkomið eftir að löggjöf um málaflokkinn tók gildi árið 1948 (Young 2017, 226). Nýtt innflytjendakerfi vakti upp mikla

reiði meðal fyrrum kynslóða innflytjenda í Bandaríkjunum og fljótlega varð ljóst að breytingar þurfti að gera á kerfinu.

3.1.4 Happdrættiskerfi

Á hverju ári síðan 1988 hefur alríkisstjórn Bandaríkjanna haldið fremur óvenjulegt happdrætti þar sem varanlegum atvinnuleyfum (e. green card) er úthlutað til íbúa í ríkjum sem eru á sérstökum lista yfir ríki með of lágt hlutfall í innflytjendakerfinu sem myndað var árið 1965. Það hlutfall vísar til þeirra landa sem fylltu aðeins upp í fjórðung af þeim 20.000 innflytjendum sem þau ættu rétt á árlega vegna þeirra skilyrða sem innflytjendur þurftu nú að uppfylla. Hugmyndin um fjölbreytnihappdrætti spratt frá hópi írskra og ítalskra þingmanna sem leituðust eftir því að skapa ávinning fyrir þeirra þjóðernishópa með því að skekkja innflytjendakerfi Bandaríkjanna þannig að það hygldi þessum hópum (Law 2002, 4).

Þeir sem studdu happdrættiskerfið bentu á að viðsnúningur á þjóðernisuppruna og kynþáttasamsetningu innflytjenda í Bandaríkjunum hefði átt sér stað eftir að innflytjendalöggjöfin frá árinu 1965 tók gildi. Það væri réttlætning fyrir fjölbreytnihappdrættinu þar sem eldri innflytjendahópar eins og Ítalir og Írar voru nánast útilokaðir frá kerfinu vegna breytinganna. Eftir árið 1965 fór fjöldi írskra innflytjenda að dragast hratt saman þar sem fáir Írar fengu forgangsrétt til búsetu í Bandaríkjunum (Law 2002, 5). Meirihluti þeirra sem vildu flytjast frá Írlandi áttu aðeins fjarskylda ættingja í Bandaríkjunum sem gátu ekki sent inni beiðni fyrir þau. Þá höfðu fáir Írar færni eða menntun til að falla undir ákvæðið um atvinnuforgang. Frá árinu 1971 var Írland eitt fárra landa sem fyllti ekki þeirra árlega kvóta af innflytjendum sem komu til landsins (Law 2002, 10). Sama gilti um Ítali sem fáir höfðu færni eða menntun til að fá atvinnuforgang. Kerfið forgangsraðaði innflytjendum eftir nánnum fjölskyldutengslum. Ef fólk hafði fjölskyldutengsl í gegnum bróður eða systur þá féll það niður á fimmta stig forgangslistans. Ítalskir innflytjendur höfðu flestir þau tengsl til Bandaríkjanna sem leiddi til þess að í júlí árið 1969 höfðu um 100.000 ítalskir innflytjendur safnast á biðlista á fimmta forgangsstiginu. Illa gekk að vinna úr þessum lista sem varð til þess að fjöldi innflytjenda frá Ítalíu minnkaði hratt (Law 2002, 5).

Hugmyndin að happdrættiskerfinu spratt upp í kringum það sem stuðningsmenn frumvarpsins kölluðu sjálfstæða innflytjendur (e. new seed immigrants). Notkun

hugtaksins var heppileg í þeim skilningi að það færði athyglina frá þeirri staðreynd að þessir innflytjendur höfðu hvorki nán fjölskyldutengsl til Bandaríkjanna né hæfni til atvinnuréttinda. Ef ekki væri fyrir þetta fyrirbæri þá fengju þau ekki atvinnuleyfi í Bandaríkjunum. Þingmaðurinn Emmanuel Celler, einn stuðningsmanna frumvarpsins, taldi að ákveðinn fjöldi sjálfstæðra innflytjenda ætti að fá aðgang á hverju ári vegna þess að það væri verðmæti í þeim innflytjendum sem einfaldlega vildu koma til Bandaríkjanna (Law 2002, 11-12).

Tvenns konar orðræða einkenndi málflutning stuðningsmanna breytinganna á þessum tíma. Annars vegar var rætt um „sjálfstæða innflytjendur“ og hins vegar mátti ítrekað heyra orðræðu eins og: „við byggðum þetta land“ sem vísaði til þess að írskir og ítalskir innflytjendur væru meðal eldri hópa innflytjenda. Þriðju rökin fyrir breytingunum var sú fullyrðing að verið væri að mismuna innflytjendum frá Ítalíu og Írlandi. Sumir gengu svo langt að líkja innflytjendalöggjöfinni frá árinu 1965 við lögin um útilokun Kínverja. Þessari umræðu var beitt til að sækja fylgi við frumvarpið og um leið fela þá staðreynd að með stefnunni yrði snúið aftur til kerfis sem byggði á þjóðerni innflytjenda sem hygldi sumum ríkjum (Law 2002, 13-14).

Happdrættiskerfinu var upphaflega komið á með innflytjendalöggjöfinni frá árinu 1986. Með löggjöfinni fengu 10.000 fyrstu umsækjendurnir sem voru dregnir út varanlegt atvinnuleyfi í Bandaríkjunum. Umsækjendurnir þurftu þó að koma frá ríkjum sem voru á sérstökum lista sem gefinn var út af stjórnvöldum í Bandaríkjunum. Listinn var að mestu samsettur af löndum í Evrópu og Afríku. Ljóst er að innflytjendakerfi Bandaríkjanna byggði nú aftur á þjóðernisuppruna eins og fyrir árið 1965. Innflytjendalöggjöfin var endurmetin árið 1990 og happdrættiskerfið fest í sessi. Síðan þá hefur 50.000 vegabréfsáritunum til atvinnuleyfis í Bandaríkjunum verið úthlutað á hverju ári með happdrættiskerfinu. Það eru aðeins tíu ríki sem ekki geta tekið þátt í þessu kerfi en það eru þau ríki sem sendu flesta innflytjendur til Bandaríkjanna eftir að innflytjendalöggjöfin frá 1965 tók gildi (Law 2002, 21-22).

4 Innflytjendastefna Trump frávik eða framhald?

Donald Trump gerði málefni innflytjenda að meginstefnumálum í kosningabaráttu sinni árið 2016. Í innsetningarræðu Trump talaði hann um að Bandaríkin yrðu sett í fyrsta sæti og að allar ákvarðanir sem teknar yrðu í hans embættistíð væru fyrir fjölskyldurnar og fólkið innan Bandaríkjanna (Trump 2017a). Aðeins fimm dögum eftir að hann tók við embætti hóf hann að gefa út röð forsetatilskipana sem lofuðu meiriháttar breytingum á bandarísku innflytjendakerfi. Má þar nefna fækkun á þeim sem úthlutað er landvistarleyfi í Bandaríkjunum, múrinn á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó og hámarks eftirlit með öllum sem óskuðu eftir að koma til Bandaríkjanna (Pierce og Selee 2017, 2).

Á fyrsta ári Trump í embætti hafði Trump-stjórnin sett í gang fjölda þýðingarmikilla breytinga fyrir innflytjendur. Með því að setja málaflokkinn á hærra forgangsstig og auka eftirlit hefur handtökum fjölgað og brottflutningi á óskráðum innflytjendum í Bandaríkjunum aukist. Árið 2017 setti Trump-stjórnin bann við komu fólks frá sjö múslimaríkjum til Bandaríkjanna. Þá hefur stjórnin afturkallað hið svokallaða DACA kerfi (e. Deferred Action for Childhood Arrivals) sem var myndað af Obama árið 2012 (Pierce og Selee 2017, 5). Eftir að Trump tók við embætti hefur móttaka flóttafólks til Bandaríkjanna minnkað töluvert og hefur hún ekki verið minni í 40 ár (Pierce og Selee 2017, 2).

Í seinni tíð hafa forsetar Bandaríkjanna notað forsetatilskipanir til að koma stefnumálum sínum til leiðar og hefur Trump verið iðinn við að beita því verkfæri eftir embættistöku. Það vekur athygli að áður en Trump komst til valda gagnrýndi hann Obama fyrir að beita forsetatilskipunum til að koma stefnumálum sínum í framkvæmd og taldi þær ólýðræðislegar (Rudalevige 2018). Til að setja í samhengi hvaða þýðingu slíkar tilskipanir hafa fyrir stjórnkerfi Bandaríkjanna verður það skýrt hér í stuttu máli. Í Bandaríkjunum eru forsetatilskipanir eins konar stefnuyfirlýsing sem hefur ígildi laga frá forseta til ríkisstjórnar eða ríkisstofnana sem undir hann heyra um hvaða stefnu og aðgerðir eigi að beita í tilteknum málum. Forsetatilskipanir eru ekki lög og þurfa því ekki samþykki þingsins, það er hins vegar grundvallaratriði að tilskipunin sé byggð á lagalegum grunni. Á þeim grundvelli getur dómskerfið felld tilskipunina úr gildi ef hún stangast á við lög (Kersh og Morone 2018, 376).

Ljóst er að innflytjendamál hafa verið í forgrunni síðan Trump tók við forsetaembættinu árið 2017. Ört stækkandi hópur fylkja og sveitarfélaga innan Bandaríkjanna hafa neitað að vinna með alríkisstofnunum í málefnum innflytjenda og þykir stefna Trump fremur róttæk. Í þessum kafla verða tvær stefnubreytingar sem Trump-stjórnin hefur staðið fyrir skoðaðar nánar, en það eru annars vegar ferðabannið sem sett var á borgara sjö ríkja og hins vegar múrinn sem stefnt er á að byggja á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó.

4.1 Ferðabann á múslima

Eftir að Trump hafði sinnt í embætti forseta Bandaríkjanna í nokkra dag gaf hann út forsetatilskipun sem átti að vernda þjóðina fyrir komu hryðjuverkamanna til Bandaríkjanna. Tilskipunin beindist gegn múslimum og varð afar umdeild innan Bandaríkjanna. Það fór svo að gefnar voru út þrjár forsetatilskipanir um ferðabannið til að tryggja að það stæðist við lög. Hér að neðan verður þessi atburðarrás rakin og hverri tilskipun lýst.

4.1.1 Upphaflegt ferðabann

Aðeins sex dögum eftir að Trump tók við embætti eða 27. janúar 2017 skrifaði hann undir gríðarlega áhrifamikla forsetatilskipun sem hefur fengið viðurnefnið ferðabannið. Þótt tilskipunin hafi fengið þetta viðurnefni nær hún í raun til mun víðtækari þátta en einungis takmarkana á ferðum fólks. Vinsæll pistlahöfundur hjá *The New York Times*, Glenn Thrush (2017), taldi að heldur ætti að nota orðið múslimabann þar sem raunverulegt markmið tilskipunarinnar væri að koma í veg fyrir komu múslima til Bandaríkjanna. Hann sagði að það að nota orðið ferðabann væri aðeins til þess að afvegaleiða umræðuna. Tilskipunin ýtir undir þá ímynd að flóttamenn, innflytjendur og aðrir ferðamenn frá múslimaríkjum séu hættulegir einstaklingar sem Bandaríkjamenn ættu að óttast (Thrush 2017).

Í kosningabaráttu Trump til forseta Bandaríkjanna lét hann ítrekað í ljós þá skoðun að múslimar væru líklegri en fylgjendur annarra trúarbragða til að ógna bandarískum gildum. Hann sagði að alríkisstjórn Bandaríkjanna ætti að ganga lengra í að hindra komu múslima frá öðrum ríkjum til Bandaríkjanna. Til að mynda má nefna að 7. desember árið 2015 kallaði Trump eftir: „Algerri og fullkominni lokun á möguleika múslima til að koma til Bandaríkjanna“ og þremur mánuðum seinna sagði hann að hann tryði því „að Íslam hati

okkur – Bandaríkjamenn“ (Maltz 2018, 391). Þessi orðræða í kosningabaráttunni lagði grunninn fyrir það sem koma skyldi í embættistíð Trump.

Fyrsta forsetatilskipunin miðaði að því að hindra ríkisborgara frá sjö ríkjum í að fá aðgang að Bandaríkjunum í 90 daga. Öll ríkin reyndust vera múslimaríki þar sem meirihluti þjóðarinnar er íslamstrúar. Átti þessi tímabundna hindrun að vera í gildi á meðan bandarísk yfirvöld gætu endurskoðað og styrkt það ferli sem notað væri til að rannsaka þá sem vildu koma til Bandaríkjanna. Tilskipunin náði til borgara frá Írak, Íran, Líbíu, Sírylandi, Jemen, Súdan og Sómalíu (Forsetatilskipun 2017, nr. 13767).

Heiti tilskipunarinnar gefur til kynna að tilgangur hennar hafi verið að vernda þjóðina fyrir komu hryðjuverkamanna til Bandaríkjanna (e. Executive order protecting the nation from foreign terrorists entry into the United States). Samkvæmt tilskipuninni var henni ætlað að fyrirbyggja aðrar hryðjuverkaárásir sem kynnu að verða gerðar í Bandaríkjunum líkt og var gerð á tvíburaturnana í New York 11. september 2001. Vinsæll pistlahöfundur hjá *New York Times*, Bret Stephens, sagði að tilgangur tilskipunarinnar væri í raun að fyrirbyggja að erlendir borgarar í Bandaríkjunum gerðu árás á bandarískri grundu (Stephens 2018). Í upphafi tilskipunarinnar er árásin á tvíburaturnana tekin sem dæmi um að eftirlit með erlendum ríkisborgurum hafi ekki verið nægjanlegt við komu til landsins (Forsetatilskipun 2017, nr. 13767). Stephens taldi að með því að vekja athygli á árásunum 11. september árið 2001 hafi Trump undirstrikað að árásarmennirnir hafi allir verið erlendir ríkisborgarar og minnt fólk um leið á að þeir hafi aðhyllst íslamstrú (Stephens 2018).

Það sem vekur óhjákvæmilega athygli í þessu samhengi er að enginn þeirra 19 árásarmanna sem stóðu að hryðjuverkunum 11. september 2001, sem var endurtekið nefnd í tilskipuninni, kom frá þeim sjö ríkjum sem Trump-stjórnin setti á bannlista. Hannah Giorgis, blaðamaður hjá *The Atlantic*, benti á að 15 af þeim 19 sem stálu flugvélunum sem notaðar voru í árásirnar 11. september 2001 voru frá Sádi Arabíu, hinir voru frá Líbanon, Egyptalandi og Sameinuðu arabísku furstadæminu. Ekkert þessara ríkja náðu inn á bannlista Trump-stjórnarinnar sem hafði það meginmarkmið að koma í veg fyrir hryðjuverkárásir á bandarískri grundu (Giorgis 2019). Þess vegna er auðvelt að draga þá ályktun að bannið snúi heldur að því að banna komu múslima frekar en að bæta

þjóðaröryggi Bandaríkjanna. Þar af leiðandi sé verið að mismuna fólki á grundvelli trúarbragða.

Tilskipunin náði einnig til löglegra innflytjenda sem höfðu jafnvel búið í Bandaríkjunum í fjölda ára. Námsmenn og aðrir sem höfðu gildar vegabréfsáritanir gátu átt það á hættu ef þeir ferðuðust út fyrir Bandaríkin að geta ekki snúið aftur til baka (Patel og Levinson-Waldman 2017, 4). Tilskipunin kallaði einnig eftir endurmati á því hvort leggja ætti niður vegabréfsáritunarkerfi sem kallast *Visa Interview Waiver* en það gefur ferðamönnum færi á að endurnýja ferðaleyfi án þess að mæta í viðtal (Forsetatilskipun 2017, nr. 13767).

Í fimmta kafla tilskipunarinnar er kallað eftir algæri endurskipulagningu á flóttamannaáætlun Bandaríkjanna fyrir árið 2017. Þangað til þeirri vinnu lyki yrði áætlunin lögð niður í 120 daga og móttaka flóttafólks til Bandaríkjanna á þeim tíma með öllu óheimil. Á þessum tíma átti að endurmeta reglugerðir og herða á þeim sem fyrir voru til að tryggja öryggi bandarískra ríkisborgara. Samkvæmt tilskipuninni átti að tryggja að þessum 120 dögum liðnum þegar opnað hefði verið aftur á móttöku flóttafólks að forgangur yrði gefinn til flóttafólks sem aðhylltist trúarbrögð sem eru í minnihluta í heimalandi þeirra, líkt og kristin trú í Mið-Austurlöndum, en Trump talaði opinberlega um að hann myndi veita „ofsóttu“ kristnu flóttafólki forgang til Bandaríkjanna. Að auki kveður tilskipunin á um að móttaka flóttafólks frá Sýrlandi verði bönnuð ótímabundið. Samkvæmt tilskipuninni telur Trump-stjórnin að koma flóttafólks frá Sýrlandi yrði skaðleg fyrir Bandaríkin (Maltz 2018, 393).

Ferðabannið var í eðli sínu afar umdeilt meðal bandarískra ríkisborgara, embættismanna og dómstóla. Andstæðingar tilskipunarinnar létu strax reyna á það fyrir dómstólum hvort bannið styðist við lög. Talið var að lögin brytu á réttindum fólks til sanngjarnrar málsmeðferðar og jafnrar verndar gagnvart lögum sem einstaklingum eru tryggð með fjórða viðbótarákvæði stjórnarskrár Bandaríkjanna. Það var strax 3. febrúar 2017 sem umdæmisdómstóllinn í vesturumdæmi Washington-fylkis setti tímabundið lögbann á forsetatilskipunina þar sem hún mismunaði fólki á grundvelli trúarbragða (CNN politics 2017a). Í kjölfarið fór málið fyrir alríkisdómsstóla sem hafa það hlutverk samkvæmt stjórnarskrá að veita framkvæmdarvaldinu aðhald (Kersh og Morone 2018, 390). Tveimur dögum síðar eða 5. febrúar 2017 komust dómarar í níunda

áfrýjunardómstóli Bandaríkjanna að einróma niðurstöðu um að staðfesta lögbannið (e. restraining order) á landsvísu þar sem tilskipun Trump þótti fara gegn lögum stjórnarskrár Bandaríkjanna (Maltz 2018, 393-394). Fljótlega eftir að úrskurður dómstólsins var birtur hafði Trump látið í ljós óánægju sína með niðurstöðu dómsins og sagði hana stofna öryggi Bandaríkjanna í hættu (CNN politics 2017a).

4.1.2 Seinni útgáfa ferðabannsins

Í stað þess að áfrýja niðurstöðu dómsins til hæstaréttar, þá afturkallað Trump-stjórnin fyrstu útgáfu ferðabannsins. Ný tilskipun var gefin út 6. mars árið 2017 og tók gildi tíu dögum seinna. Fyrri útgáfa ferðabannsins hafði tekið gildi við undirritun sem hafði skapað uppnám á flestum flugvöllum Bandaríkjanna, því var lagt upp með að seinni tilskipunin tæki gildi tíu dögum seinna. Ný tilskipun hafði sama markmið og sú fyrri, en hafði hins vegar verið einfölduð til að komast hjá því sem dómsvaldið hafði gert athugasemdir við í fyrri útgáfu ferðabannsins. Nýja útgáfan var ólík fyrri tilskipuninni í nokkrum veigamiklum atriðum (Forsetatilskipun 2017, nr. 13780).

Til að byrja með var seinni útgáfan mun ítarlegri og rökstuðningur fyrir ferðabanninu var bættur. Írak var tekið af bannlistanum þar sem ríkið samþykkti samvinnu með Bandaríkjunum og aðstoð við aukið vegabréfaeftirlit. Hin löndin sex eru öll nefnd í tilskipuninni og það rökstutt hvers vegna hvert og eitt var á listanum. Ástæðurnar voru þrjár: (A) vera einstaklings innan ríkis eða ákveðins svæðis eykur líkurnar á að einstaklingurinn sé ógn við þjóðaröryggi Bandaríkjanna, (B) hryðjuverkasamtök hafa áberandi viðveru (e. significant presence) innan ríkis eða á ákveðnu landsvæði ríkisins eða (C) ríkið eða svæði innan þess er griðastaður fyrir hryðjuverkamenn. Var talið að ríkin sex féllu öll undir eina af þessum ástæðum (Forsetatilskipun 2017, nr. 13780). Forsetatilskipunin gefur þó engin dæmi um hryðjuverk sem framin hafa verið innan Bandaríkjanna þar sem ríkisborgarar frá þessum sex ríkjum áttu í hlut.

Í seinni útgáfu bannsins var vikið frá því ákvæði að sýrlenskt flóttafólk væri á ótímabundnum bannlista fyrir móttöku flóttafólks, en það ákvæði var harðlega gagnrýnt í fyrri útgáfunni. Þar að auki var tekið út ákvæði um forgang flóttafólks sem aðhyllist trúarbrögð sem eru í minnihluta innan þeirra heimalands þar sem dómstólar töldu að með því væri verið að mismuna fólki á grundvelli trúar. Að lokum var seinni útgáfan alfarið byggð á skýrslu um öryggi innan Bandaríkjanna sem unnin var af heimavarnarráðuneyti

Bandaríkjanna (e. United States Department of Homeland Security) til að rökstyðja að ferðabannið væri réttlætanlegt og til að vernda þjóðaröryggi (Maltz 2018, 394). Kaflinn í upphafi fyrri tilskipunarinnar þar sem árásirnar á tvíburaturnana eru notaðar sem rökstuðningur hafði verið fjarlægður í seinni útgáfunni (Forstatilskipun 2017, nr. 13780).

Þrátt fyrir aðra tilraun Trump til að gera ferðabannið löglegt settu dómstólar Bandaríkjanna aftur tímabundið lögbann á forsetatilskipun hans. Fyrstu viðbrögð voru frá umdæmisdómara í Hawaii fylki með stuðningi dómara frá Maryland en þeir töldu að ferðabannið mismunaði enn fólki á grundvelli trúarbragða. Theodore Chuang, dómari í Maryland, sagði einnig að megintilgangur ferðabannsins væri ekki að bæta þjóðaröryggi Bandaríkjanna heldur væru persónulegar skoðanir Trump í garð múslima meginástæða ferðabannsins (Politico 2017).

Um miðjan júní 2017 staðfesti níundi áfrýjunardómstóll Bandaríkjanna að lögbannið á seinni útgáfu ferðabannsins yrði áfram í gildi. Hann taldi að forsetinn hafi með forsetatilskipuninni farið út fyrir það valdsvið sem þingið hafi falið honum. Með því að fresta komu meira en 180 milljón einstaklinga frá sex löndum og fresta inngöngu alls flóttafólks, auk þess að lækka mörk sem sett höfðu verið á móttöku flóttafólks fyrir fjárhagsárið 2017 úr 110.000 manns í 50.000 manns, hafi forsetinn ekki mætt nauðsynlegum forsendum til að notfæra sér það vald sem honum hafi verið falið. Forsetinn yrði að gefa fullnægjandi ástæður fyrir því að móttaka þessa hóps fólks myndi vera skaðleg fyrir hagsmuni Bandaríkjanna. Þá var talið að tilskipunin uppfyllti ekki þau skilyrði sem kveðið er á um í löggjöf sem ber heitið *The Immigration and Nationality Act* og bannar mismunun á grundvelli þjóðernis og krefur forsetann um að fylgja ákveðnum ferlum við að setja árleg mörk á móttöku flóttafólks (CNN 2017c). Málinu var áfrýjað til hæstaréttar Bandaríkjanna.

Seinna í júní 2017 komst hæstiréttur Bandaríkjanna að þeirri niðurstöðu að leyfa ferðabanninu að taka að hluta til gildi fyrir ríkisborgara þeirra ríkja sem ekki ættu ósvikin (e. bona fide) tengsl við einhvern einstakling eða einingu innan Bandaríkjanna. Dómstóllinn sagði að dæmi um slík tengsl væru nán fjölskyldutengsl eða erlendir ríkisborgarar sem ýmist höfðu verið samþykktir til skólavistar eða vinnu í Bandaríkjunum. Þeir sem féllu utan þessara tengsla yrðu að fylgja tilskipuninni (CNN 2017b).

4.1.3 Þriðja útgáfa ferðabannsins

Loks kom að síðustu útgáfu ferðabannsins í september 2017. Ólíkt fyrri útgáfum ferðabannsins innihélt þessi útgáfa ótakmarkaðan tímaramma. Ný tilskipun innihélt ekki ákvæði um Súdan, en Chad, Norður-Kóreu og ákveðnum opinberum aðilum innan Venesúela var bætt á bannlistann. Í þessari tilskipun eru ferðatakmarkanir skilgreindar sérstaklega fyrir hvert land (Forsetayfirlýsing 2017, nr. 9645).

Sem dæmi er innflytjendum og öðrum borgurum frá Chad, Líbíu og Jemen óheimilt að koma til Bandaríkjanna á viðskipta-, ferðamanna- eða blandaðri vegabréfsáritun. Sama gildir um Íran, en írönskum nemendum verður heimilt að koma til Bandaríkjanna ef þau standast aukið skimunareftirlit. Innflytjendum frá Sómalíu er óheimilt að koma til landsins, en öðrum Sómölum sem hafa fengið leyfi til að heimsækja Bandaríkin er heimilt að koma til landsins ef þeir standast ítarlegt skimunareftirlit. Hins vegar er öllum borgurum frá Norður-Kóreu og Sýrlandi óheimilt að koma til landsins (Department of Homeland Security 2017).

Það sem vekur athygli er að á þessum nýja lista eru tvö ríki þar sem meirihluti þjóðarinnar aðhyllist ekki íslamstrú. Andstæðingar ferðabannsins létu aftur reyna á þau rök að enn væri verið að mismuna á grundvelli trúarbragða þar sem sex ríki á bannlistanum eru múslimaríki. Í desember árið 2017 komst hæstiréttur Bandaríkjanna hins vegar að þeirri niðurstöðu að þriðja útgáfa ferðabannsins myndi taka fullt gildi. Aðeins tveir dómarar réttarins, Ruth Bader Ginsburg og Sonia Sotomayor, voru ósammála dómnum (CNN 2018).

Bannið er enn í gildi en ráðherra heimavarnarmála getur mælt með því við forsetann að opna á ný fyrir fólksflutning frá þessum ríkjum til Bandaríkjanna. Samkvæmt forsetatilskipuninni verða takmarkanirnar í gildi þar til ráðherra heimavarnarráðuneytisins þykir samstarf ríkjanna við vegabréfaeftirlit Bandaríkjanna fullnægjandi. Með því er átt við að ríkin hafi mætt kröfum Bandaríkjanna um að upplýsingar verði veittar vegabréfaeftirliti Bandaríkjanna til þess að hægt sé að gera ítarlega skimun við komu til Bandaríkjanna (Department of Homeland Security 2017).

4.2 Múr á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó

Nú á fyrri hluta 21. aldar leita fjölmörg ríki leiða til að takmarka flæði fólks yfir landamæri og reisa jafnvel múra í raun- og sýndarheimum til að skapa mynd af sér sem sterku

fullvalda ríki. Trump er meðal þeirra leiðtoga heimsins sem hafa þessa sýn en 25. janúar 2017, nokkrum dögum eftir að hann tók við embætti, sagði hann í heimsókn sinni í ráðuneyti heimavarna í Bandaríkjunum: „þjóð án landamæra er ekki þjóð“ og „að frá og með deginum í dag, muni Bandaríkin ná aftur stjórn á sínum eigin landamærum“ (Mackler 2017).

Eitt helsta stefnumál Trump er hinn umdeildi múr á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó. Múrnum er ætlað að draga úr ólöglegum fólksflutningum til Bandaríkjanna. Aðeins fimm dögum eftir að Trump tók við embætti gaf hann út forsetatilskipun þar sem þess er krafist að tafarlaust verði hafist handa við gerð múrs á suðurlandamærum Bandaríkjanna. Múrin á í kjölfarið að vera undir fullnægjandi eftirliti landmæravarða til að koma í veg fyrir ólöglega innflytjendur, fíkniefnasmygl, mansal og hryðjuverk í Bandaríkjunum (Forsetatilskipun 2017, nr. 13767).

Trump hefur ýtt undir bæði þá staðalímynd að innflytjendur frá Mið- og Suður-Ameríku séu að stela störfum frá innfæddum og að þeir séu hættulegir vegna þess að þeir fremji glæpi tíðar en innfæddir Bandaríkjamenn. Sérstaklega hefur þessi umræða beinst að óskráðum innflytjendum frá Mexíkó sem og öðrum ríkjum í Mið-Ameríku (Serwer 2017). Í ræðu sem Trump flutti fyrir allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september árið 2018 var honum meðal annars tíðrætt um „ólöglega innflytjendur“ og sagði að „afleiðingar þeirra væru glæpir, ofbeldi og fátækt“ sem væri ástæðan fyrir því að Bandaríkin yrðu sett í fyrsta sæti (Ward 2018). Ekki eru til gögn sem styðja við þessar skoðanir. Sú þróun hefur átt sér stað í bandarískum stjórnámálum síðustu ár að ótti við innflytjendur hefur aukist. Í júní 2016 hafði ótti Bandaríkjamanna gagnvart innflytjendum ekki náð slíkum hæðum síðan eftir hryðjuverkaárásirnar í New York árið 2001 (Bryan 2016).

Stjórn málafræðingarnir Marc Hooghe og Sofie Marien veltu því upp fyrir kosningarnar árið 2016 hvort hugmyndinni um múrinn hafi verið ætlað að vera óraunhæf og hafi frekar átt að vera einhvers konar myndhverfing fyrir fyrirmyndarríki (e. utopia). Hugmyndir um landamæramúr höfða til fólks sem hafa áhyggjur af glæpum, atvinnuleysi, eiturlyfjum, fjölbreytileika og auknum réttindum spænskumælandi fólks í Bandaríkjunum. Þá ætti múr að vera fullkomin myndhverfing til að vekja upp tilfinningar um öryggi þar sem öllum hættum sé haldið utandyra og um leið vernda þá sjálfsmynd sem

Bandaríkjamenn hafa mótað. Skilaboðin sem felast í stefnunni eru að það sé hægt að endurheimta gamla tíma sem hafa horfið með hnattvæðingu og hagfræðilegum breytingum Bandaríkjanna (Hooghe og Marien 2016).

Ljóst er að slíkur múr verður engin smásmíði en landamæri Bandaríkjanna og Mexíkó eru meðal þeirra lengstu í heiminum eða um 3.200 kílómetrar. Meirihluta leiðarinnar skilur fljótið Rio Grande ríkin tvö að og um þriðjungur leiðarinnar liggur í gegnum hrjóstruga eyðimörk. Samkvæmt Trump-stjórninni ætti veggurinn að vera fremur tilkomumikill í hæð eða um 30 feta (10 m) hár. Talið að múrinn muni kosta yfir sex billjónir bandarískra dollara. Þá hefur Trump gert kröfu um að Mexíkó taki þátt í að borga fyrir múrinn, en ráðamenn þar hafa gert ljóst að Mexíkó muni ekki taka þátt í að greiða fyrir múrinn (Miller og Nevins 2017, 145).

Forsetatilskipunin felur þó eingöngu í sér yfirlýsingu um að bygging slíks múrs sé forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar. Viðeigandi ráðuneyti skuli nýta hluta af fjármagni sínu til þess að koma verkefninu af stað. Vilji Trump-stjórnin hins vegar fá aukafjármagn til að reisa múrinn sjálfan þarf þingið að koma þar að því það eitt hefur fjárveitingarvald í Bandaríkjunum samkvæmt stjórnarskrá Bandaríkjanna (Miller og Nevins 2017, 146).

Trump-stjórnin hefur í millitíðinni nýtt sér ýmsar reglugerðir til að hamlu komu innflytjenda og flóttafólks yfir landamærin. Mannfræðingurinn Josiah Heyman (1995) rannsakaði landamæri Bandaríkjanna og Mexíkó. Taldi hann að landamærin hafi öðlast sterkari merkingu vegna þeirrar miklu pólitísku umræðu sem hefur verið í kringum þau. Landmæri Bandaríkjanna í suðri tákna nú hörku, löggæslu, fangavist, aðskilnað fjölskyldna og fleira sem hræðir fólk, áður var þetta aðeins girðing til að aðskilja löndin. Heyman sagði að þessi ímynd sé sköpuð til að fækka þeim sem þora að ferðast yfir landamærin (262).

Ein af þeim reglugerðum sem Trump-stjórnin hefur notað til að sporna gegn komu innflytjenda fékk heitið „ekkert umburðalyndi“ (e. zero tolerance) sem snéri að óskráðum innflytjendum á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó. Stefnan fól í sér að krafist yrði varðhalds yfir fullorðnum sem biðu ákæru frá alríkinu vegna ólöglegar inngöngu til Bandaríkjanna. Átti það einnig við um þá sem komu til landsins og sóttu um alþjóðlega vernd. Þar sem bandarísk lög heimila ekki varðhald á börnum í alríkisfangelsum, voru börn aðskilin frá foreldrum sínum og þeim komið fyrir á sérstökum móttökumiðstöðvum fyrir börn víða um Bandaríkin. Í júní 2018 höfðu yfir 2.300 börn innflytjenda verið aðskilin frá

foreldrum sínum vegna innflytjendastöðu þeirra á meðan beðið var eftir úrskurði dómstóla (Wood 2018, 2).

Innflytjendur sem eru teknir í varðhald á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó eru fyrst og fremst hælisleitendur frá Guatemala, Hondúras og El Salvador; landsvæði þessara ríkja er óstöðugt sem einkennist af alvarlegum mannréttindabrotum, óöryggi, fátækt, ofbeldi og spilltri stjórnsýslu. Glæpagengi í þessum ríkjum gera börn oft á tíðum að skotmörkum til að viðhalda stjórn á grimmilegan hátt. Þessar fjölmörgu ógnir leiða fólk af stað í hættulegt ferðalag til Bandaríkjanna í von um betra líf. Fólksflutningar í gegnum Mexíkó til Bandaríkjanna eru erfitt og hættulegt ferðalag þar sem innflytjendur verða oft á tíðum fórnarlömb mannráns, kynferðis- og líkamlegs ofbeldis, mansals og illrar meðferðar embættismanna. Sjaldan er aðgangur að fullnægjandi athvarfi, næringu og læknisþjónustu á leiðinni (Wood 2018, 4).

„Ekkert umburðarlyndi“ stefnan var harðlega gagnrýnd bæði innan Bandaríkjanna og víðar. Árið 2017 tilkynnti til að mynda *Félag bandarískra barnalækna* að grunnviðmiðum um umönnun barna væri ekki fylgt í miðstöðvunum þar sem börnum var haldið. Bentu þau á að aðstæður væru ekki í lagi, hvorki hreinlætis- eða svefnaðstaða barnanna, sem mörg hver sváfu á steingólfum við stöðuga lýsingu. Þá var börnum ekki veitt fullnægjandi læknisþjónusta, hvorki líkamleg né andleg (Wood 2018, 7). Í seinni hluta júní árið 2018, eftir að málið hafði vakið víðtæka opinbera og pólitíska reiði, undirritaði Trump forsetatilskipun sem batt enda á aðskilnað foreldra og barna á landamærunum. Erfiðlega gekk þó að sameina fjölskyldur og í ágúst árið 2018 sýndu skýrslur að rúmlega 700 börn, þar á meðal 40 börn undir þriggja ára aldri voru enn aðskilin frá foreldrum sínum (The New York Times 2018).

Umræðan um landamærin komst í hámmæli rétt fyrir þingkosningar í nóvember 2018. Snérist hún um stóran hóp innflytjenda frá Hondúras, Guatemala og El Salvador sem ferðuðust norður með bílalestum (e. caravan) eða fótgangandi samhliða þeim í átt að bandarísku landamærunum. Flóttamennirnir sem nálgðuðust landamærin flúðu ofsóknir, ofbeldi og fátækt í heimalöndum sínum. Talið er að hópurnir hafi talið um 7000 manns sem vonuðust til að komast yfir landamærin til Bandaríkjanna í leit að betra lífi. Löngu áður en fyrstu flóttamennirnir komu að bandarísku landamærunum hafði Trump sagt hópinn vera ógn við þjóðaröryggi og lýst komu þeir sem innrás (Albaladejo 2018, 3).

Trump-stjórnin notaði bílalestina til að kynda undir neikvæðum viðhorfum gegn innflytjendum og sendi 5000 hermenn á landamæri Bandaríkjanna og Mexíkó til að stöðva þá sem vildu sækja um hæli í Bandaríkjunum. Byggðar voru tjaldbúðir þar sem fólkið gat beðið úrvinnslu umsóknar sinnar fyrir hæli í Bandaríkjunum. Hörð viðbrögð Trump-stjórnarinnar eru sögð hafa verið til að bæta fylgi Repúblikana í kosningunum sem voru handan við hornið (The New York Times 2018).

Síðan demókratar náðu meirihluta í fulltrúadeildinni í nóvember 2018 hefur Trump gengið illa með áætlanir sínar um múr á landamærunum. Í desember 2018 neitaði Trump að undirrita fjárlög samþykkti þingið ekki 5,7 billjóna bandaríkjadollara fjárveitingu fyrir múrinn. Afleiðingin var sú að ríkisstofnanir voru lokaðar í 35 daga en svo löng lokun hafði ekki áður verið í sögu Bandaríkjanna. Þegar ekki náðist samkomulag lýsti Trump yfir neyðarástandi til að reyna að komast framhjá þinginu og fá auknar fjárveitingar til að byggja múr á landamærunum (The Guardian 2019). Lögin um neyðarástand voru sett til þess að gera Bandaríkjastjórn kleift að bregðast hratt við ef hættuástand skapast. Trump-stjórnin fullyrðir að slíkt neyðarástand ríki á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó vegna fjölda fólks sem reyni að komast ólöglega inn í landið.

Talið er að sú áhersla sem Trump hefur sett á múrinn undanfarna mánuði sé vegna þess að næstu forsetakosningar Bandaríkjanna nálgast. Margt bendir til þess að Trump muni áfram leggja áherslu á fólksflutninga í forsetakosningunum árið 2020. Ljóst er að þjóðin er klofin í málefnum innflytjenda. Annars vegar er naumur meirihluti þjóðarinnar á móti harðlínustefnu Trump og stór hluti beinlínis hafnar umdeildustu aðferðunum sem Trump-stjórnin beitir. Kosningaloforð Trump um að reisa múrinn á landamærunum hefur misst töluverðan stuðning (Alter 2019). Samkvæmt skoðanakönnun sem framkvæmd var af *Pew Research Center* í janúar 2019 eru 58% svarenda andstæðir því að reistur verði múr á landamærunum. Samkvæmt könnuninni er múrinn vinsælli meðal eldra fólks, hvíts fólks og þeirra sem hafa litla menntun. Sama könnun sýndi að stuðningur við múrinn hefur aldrei verið meiri meðal repúblikana. Ljóst er að kjörfylgi forsetans er hvatt áfram með umræðu um „ólöglega“ innflytjendur. Það mun því reynast mikilvægt að innflytjendamál verði áfram aðalumfjöllunarefnið, sérstaklega á íhaldssömum fréttamiðlum eins og *Fox News* sem munu hjálpa Trump að öðlast gott grunnfylgi fyrir kosningarnar árið 2020 eins og var í kosningunum árið 2016. Þá veit Trump einnig að demókratar munu eiga erfitt

með að sameinast um ákjósanlega innnflytjendastefnu fyrir Bandaríkin (Alter 2019). Það ætti því að vera ljóst að landamæramúr verður áfram til umræðu í Bandaríkjunum og óvíst hver niðurstaða málsins verður.

5 Umræður

Í þessum kafla verður innflytjendastefna Bandaríkjanna skoðuð með hliðsjón af kenningum þjóðernishyggju. Með því verður varpað ljósi á hvort innflytjendastefna Bandaríkjanna frá því Trump tók við embætti sé framhald af eða frávik frá gegnumgangandi stefnu Bandaríkjanna í málefnum innflytjenda.

Eftir að lög um útilokun Kínverja voru samþykkt árið 1882 varð það að hindra aðgang sú leið sem notuð var til að viðhalda félagslegum aga yfir samfélögum innflytjenda og vernda bandarísku þjóðina. Þjóðernishyggja hefur haft mikil áhrif á það fyrir hverjum þurfi að vernda bandarísku þjóðina. Ernest Gellner benti á í kenningu sinni að þjóðernishyggja hefði mikil áhrif á það hverjir geta talist hluti af þjóðinni. Hann sagði jafnframt „að þjóðernishyggja skapi þjóðina en ekki öfugt“. Víða í sögu Bandaríkjanna má sjá vísbendingar um áhrif þjóðernishyggju í mótun þjóðarinnar. Óhætt er að segja að fólki frá nánast öllum heiminum, utan Norður- og Vestur-Evrópu, hafi á einhverjum tímum verið meinað að koma til Bandaríkjanna. Fyrst Kínverjum ásamt öðrum íbúum Asíu, þá innflytjendum frá Austur- og Suður-Evrópu. Loks íbúum Afríku og Mið- og Suður-Ameríku, þá sérstaklega Mexíkó, og nú múslimum.

Upphaflega urðu Bandaríkin til úr fjölmörgum þjóðarbrotum. Ummerki þess má sjá víða í bandarísku samfélagi. Sjálfsmynd Bandaríkjamanna sækir oft til þessa misleita uppruna og ýtir undir vinsæla innflytjendaímynd þjóðarinnar. Sú ímynd fagnar Bandaríkjunum sem „þjóð innflytjenda“ og álitur fólksflutninga vera hluta af því að fullkomna „loforðið um bandarískt lýðræði“. Ali Behdad ásamt fleiri fræðimönnum hafa bent á að þetta vinsæla viðhorf á þjóðinni hunsí öll áhrif af stofnanavæddri útlendingaandúð og kynþáttafordómum í útilokun innflytjenda frá fullri og jafnri þátttöku í bandarísku samfélagi. Bendir hann á að í samfélagi margra mismunandi hópa verði yfirleitt ein hugmyndafræði ríkjandi sem þjóðernishyggjan byggist á.

Sú hugmyndafræði sem hefur verið ríkjandi í Bandaríkjunum og mótar sjálfsmynd þjóðarinnar er að hvítt fólk með evrópskan uppruna sem talar ensku og aðhyllist kristna trú hafi ákveðna yfirburði í bandarísku samfélagi. Yfirburðir þessa hóps gerði snemma vart við sig en árið 1790 samþykkti Bandaríkjaþing í fyrsta skipti hverjum skyldi veita ríkisborgararétt. Hvítu frjálsu fólki með óflekkað mannorð. Þá má sjá ívilun þessa kynþátts innflytjendasögu Bandaríkjanna. Hægt er að draga þá ályktun að innflytjendalöggjöfin frá

árinu 1924 sem sett var á vegna ógnar sem stafaði af bæði asískum innflytjendum og nýjum hóp innflytjenda frá Austur- og Suður-Evrópu, hafi kynþáttur haft þau áhrif að asískir innflytjendur voru útilokaðir í Bandaríkjunum en hvítleiki Austur- og Suðurvevroskra innflytjenda verndað þá frá algjörri útilokun. Kynþáttur hefur því alla tíð haft mikil áhrif á mótun bandarísku þjóðarinnar. Í kenningaramma Gauibernau er bent á að nútímaríki noti þjóðernishyggju til að þröngva hugmyndum og einkennum ríkjandi hóps yfir alla íbúa þess. Í gegnum tíðina hefur krafa verið sett á innflytjendur og aðra hópa bandaríks samfélags að samlagast þessum ráðandi hóp.

Það eru mikil líkindi með innflytjendastefnu Bandaríkjanna í dag og á tímabilinu frá árinu 1880 til ársins 1950. Þetta á sérstaklega við um þá áherslu sem lögð hefur verið á þá skynjun að tilteknir hópar innflytjenda geti ekki samlagast bandarísku samfélagi og þær ranghugmyndir að þeir séu þar af leiðandi hættulegir innfæddum. Kínverjar þóttu hafa of ólíka lífnaðarhætti og venjur til að samlagast bandarísku samfélagi. Talið var að ef ekki yrði spornað við fjölda kínverskra innflytjenda yrðu hvítir íbúar vesturhluta Bandaríkjanna undir. Sama var sagt um innflytjendur frá Austur- og Suður-Evrópu sem þóttu koma frá of framandi menningarsvæðum til að samlagast bandarísku samfélagi. Í nútíma samfélagi Bandaríkjanna eru settar sömu kröfur á innflytjendur frá Mið- og Suður-Ameríku og múslima.

Það að samlagast felur oft á tíðum í sér að gefa upp mikilvægan þátt af menningarlegum og persónulegum einkennum sínum. Slíka samþættingu kallaði Eriksen stöðlun þegnanna. Trump hefur sagt opinberlega „að múslimar séu of ólíkir Bandaríkjamönnum og samlögun sé mjög erfitt ferli“. Bandarískt samfélag hefur skapað þá ímynd að múslimar séu einsleitur hópur fólks og þá upplifun að „þeirra“ gildi séu algjörlega andstæð við „okkar“. Upplifun margra Bandaríkjamanna af múslimum er sú að það sé eitthvað aðgreinandi við framkomu, rödd og klæðaburð þeirra sem gefi til kynna trú og uppruna þeirra sem þeir í framhaldinu tengja við ógn. Þessi upplifun er til staðar þrátt fyrir að múslimskar konur klæðist ekki andlitsslæðu (e. hijab) sem hinn vestræni heimur telur vera eitt af helstu einkennum íslamstrúar. Þessi umræða er ekki ólík þeirri sem leiddi að útilokun Kínverja og í kjölfarið asískra innflytjenda á 20. öldinni. Fræðimenn hafa ítrekað sagt að það sé mikil einföldun að tala um múslima eins og einn afmarkaðan menningarhóp þar sem þeir búi víða og séu ólíkir innbyrðis. Samkvæmt Eriksen gerir

Þjóðernishyggja það oft að verkum að ólíkir hópar nýaðfluttra eru flokkaðir sem einn menningarhópur eins og sjá má í Bandaríkjunum þegar fólk frá ólíkum svæðum í Asíu eða Austur- og Suður-Evrópu var flokkað saman.

Í kenningum Benedict Anderson segir hann að þjóðernishyggja skapi ímynduð samfélög. Með því vísar hann til þess að þrátt fyrir að einstaklingar innan samfélaga muni aldrei þekkja alla meðlimi þess þá upplifi þeir samt sem áður sérstök tengsl sín á milli sem myndi eina heild. Þessi heild myndar þjóð í hugum fólks. Samkvæmt kenningu Anderson ætti því hugmyndin um sérstöðu hvíta evrópska upprunans að vera ímyndun. Þessi tilhneiging Bandaríkjamanna til að skapa sérstök tengsl sín á milli byrjaði snemma, en einstök tenging átt að vera á milli þeirra sem komu fyrir árið 1787. Þeir vísuðu til sín sem nýlendubúa eða landnema, hins vegar voru þeir sem komu á eftir kallaðir innflytjendur og voru neðar í virðingarstiganum þar sem þessi sérstöku tengsl giltu ekki um þá.

Anderson lýsti því hvernig sjálfsmynd þjóða myndast og þróast með tíð og tíma. Hann lýsti því þannig að þjóðir væru ímyndaðar með takmörkunum; allar þjóðir hefðu ákveðin mörk sem hafa verið mótuð um þær og utan þeirra eru aðrar þjóðir. Sjálfsmynd „okkar“ þróast alltaf í tengslum við „hitt“. Orðin „við“ og „hinir“ hafa verið meginstef í gegnum alla innflytjendasögu Bandaríkjanna. Greina má skýra áherslu á „okkur“ í orðræðu Trump, bæði í kosningabaráttunni og eftir að hann tók við embætti. Talaði hann ítrekað um að Bandaríkin yrðu sett í fyrsta sæti og gaf um leið í skyn að fyrrum forsetar Bandaríkjanna hefðu vikið frá því.

Mögulega var Trump að vísa til innflytjenda frá Mið- og Suður-Ameríku sem hefur fjölgað hratt í Bandaríkjunum undanfarna áratugi og þeirra auknu réttinda sem veitt hafa verið spænskumælandi fólki í Bandaríkjunum. Þessi dramatíska breyting á lýðfræðilegri samsetningu bandarísku þjóðarinnar hefur leitt til reiði og jafnvel hræðslu, sem tækifærissinnaðir stjórnámálmenn og fjölmiðlar hafa ýtt undir með því að draga upp mynd af hvítum Bandaríkjamönnum sem fórnarlömbum í sífelld fjölbreyttara samfélagi Bandaríkjanna. Sama mynd var dregin upp þegar bregðast átti við fyrri bylgjum innflytjenda. Þá er múr fullkomin myndhverfing til að vekja upp öryggisfinningu Bandaríkjamanna þar sem múrinn muni halda ógninni sem stafar af innflytjendum utandyra og um leið vernda sjálfsmynd Bandaríkjamanna. Skilaboðin eru að það sé hægt að endurheimta gamla tíma sem hafa horfið með hnattvæðingu og efnahagslegum

breytingum. Trump hefur nýtt sér orðræðu þjóðernishyggju til að ýta undir þessa hræðslu við breytingar á sjálfsmynd Bandaríkjanna til að safna atkvæðum og herða innflytjendalöggjöf Bandaríkjanna. Hefur hann lýst Mið- og Suður-amerískum innflytjendum sem glæpamönnum auk þess sem hann segir þá stela störfum frá innfæddum og vera óviljuga til að læra ensku, opinbert tungumál landsins.

Þessari umræðu í kringum landamærin svipar til umræðu í kringum fyrri innflytjendastefnur Bandaríkjanna. Hugmyndafræðin sem felst í að hindra aðgang hefur gert það að verkum að ímynd innflytjenda verður sífelld ómannlegri, hættulegri og ýtir stöðugt undir óöryggi. Sagan sýnir okkur að oft er vísað til innflytjenda með orðum eins og „sýktum, óæskilegum eða ólöglegum“. Þá eru oft notuð niðrandi orð um ákveðna hópa innflytjenda, til að mynda voru Kínverjar kallaðir „Gula hættan“. Orðin vísa bæði til kynþáttar þeirra en um leið til þess að ógn stafi af þeim. Óhætt er að segja að orðræða Trump í garð innflytjenda sé oft á tíðum róttæk en hann hefur kallað innflytjendur sem koma yfir landamæri Bandaríkjanna og Mexíkó „nauðgara, ofbeldis- og glæpamenn“ og innflytjendur frá múslimaríkjum „hryðjuverkamenn“.

Trump lagði áherslu á mikilvægi landamæra Bandaríkjanna á fyrstu dögum embættistíðar sinnar þegar hann sagði að Bandaríkin myndu ná aftur stjórn á landamærum sínum. Í kenningaramma Anne Triandfyllidou er lögð áhersla á að helsti tilgangur þjóðernishyggju sé að tryggja og viðhalda fullveldi fyrir hönd íbúa ákveðins landsvæðis. Áform Trump-stjórnarinnar um landamæramúr og hert innflytjendalöggjöf á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó eru sögð vera til að vernda bandarísku þjóðina frá „ólöglegum“ innflytjendum sem ógna tilvist þeirra. Triandfyllidou taldi jafnframt að með því að vernda fullveldi íbúanna myndi sjálfsmynd þeirra mótast. Sú ákvörðun að hindra aðgang „óæskilegra útlendinga“ að Bandaríkjunum í fyrsta skiptið árið 1882 segir Lee að hafi hjálpað til við að mynda sjálfa þjóðina og móta bandaríska sjálfsmynd. Bandaríkjamenn lærðu að skilgreina hvað það er að vera bandarískur með því að útiloka, stjórna og hamla komu útlendinga. Það má því segja að með komu og útilokun innflytjenda hafi Bandaríkin bæði eflt fullveldi sitt og styrkt þjóðareinkenni sín.

Þegar stjórnvöld í Bandaríkjunum byrjuðu að móta og framfylgja innflytjendastefnu með því að reisa hlið eða skapa einhvers konar hömlur á komu innflytjenda var það unnið eftir ákveðnum einkennum. Það eru þónokkur einkenni sem hafa leitt til þess að

innflytjendum er hafnað í Bandaríkjunum, m.a. þjóðerni, kynþáttur, trúarbrögð, stétt, kyn og kynhneigð, heilbrigði og pólitískar skoðanir. Þessar ástæður hafa haft mismikil áhrif eftir tíð og tíma, en í sameiningu hafa þær mótað stjórnun á flæði innflytjenda til Bandaríkjanna. Endanleg niðurstaða ferðabanns Trump-stjórnarinnar sem nú er í gildi, mismunar fólki á grundvelli þjóðernis, kynþáttar, trúarbragða og stéttar auk pólitískra skoðana. Múrinn mismunar fólki hins vegar aðallega á grundvelli þjóðernis, kynþáttar og stéttarstöðu.

Einkennandi umræða um innflytjendasögu Bandaríkjanna er hræðsla við að fólksflutningur ógni bandarískum verkamönnum. Hefur þetta ítrekað leitt til þess að innflytjendur eru útilokaðir meðal annars vegna stéttarstöðu. Mikil áhersla var lögð á að bæði kínverskir og Austur- og Suður-evrópskir innflytjendur væru ógn við bandarískan vinnumarkað vegna aukinnar samkeppni sem þeim fylgdi. Þetta er einnig eitt af helstu einkennum á umræðu Trump varðandi óskráða innflytjendur frá Mið- og Suður-Ameríku. Þá hefur kynþáttur ávallt haft þýðingarmikil áhrif á aðgreiningu innflytjenda í velkomna, óvelkomna og útilokaða frá bandarísku samfélagi. Hindrun aðgangs auðveldaði Bandaríkjamönnum að móta ramma til að aðskilja og flokka kynþætti. Síðustu áratugi hafa trúarbrögð innflytjenda haft sífellt meiri áhrif á hvort þeim er hindraður aðgangur að Bandaríkjunum.

Stjórn málafræðingurinn Altuntaş sagði að á fyrstu áratugum 21. aldar hafi þjóðernishyggja farið að tengjast trúarbrögðum meira en áður vegna hnattvæðingar og auknu flæði fólks um heiminn. Þetta passar vel við þær áherslubreytingar sem hafa orðið í Bandaríkjunum. Trump hefur sagt opinberlega að hann telji að múslimar í heild sinni séu líklegri en fylgjendur annarra trúarbragða til að ógna bandarískum gildum. Þetta endurspeglast einna helst í heiti ferðabannsins sem sett var á múslimaríkin sex: „verndun þjóðarinnar gegn komu hryðjuverkamanna til Bandaríkjanna“. Búið er að skapa afar skýr tengsl milli múslima og hryðjuverka eftir árásirnar á tvíburaturnana árið 2001. Trump notaði árásirnar sem rök fyrir fyrsta ferðabanninu. Þó árásarmennirnir hefðu verið frá öðrum löndum en þeim sem átti að banna nýtti hann sér atvikið til að minna fólk á að allir árásarmennirnir hefðu verið erlendir ríkisborgarar og um leið að þeir hafi allir aðhyllt íslamstrú.

Mismunun á grundvelli trúarbragða var fremur augljós í fyrstu útgáfu ferðabannsins. Þar gerði Trump-stjórnin trúarbrögð að enn frekara áherslumáli með ákvæði um að flóttafólk sem aðhylltist trúarbrögð sem væru í minnihluta í heimalandi þeirra yrði veittur forgangur. Átti þetta meðal annars að auðvelda Trump-stjórninni að veita kristnu flóttafólki hæli frekar en múslimsku flóttafólki frá Mið-Austurlöndum.

Þrátt fyrir mikil líkindi núverandi innflytjendastefnu Bandaríkjanna og stefnu fyrri tíma þá er þónokkur munur. Engin stjórn í nútímasögu Bandaríkjanna hefur lagt eins mikla áherslu á innflytjendastefnu Bandaríkjanna eða á að takmarka innflytjendastreymi til Bandaríkjanna, bæði löglega og óskráða innflytjendur. Þá eru nýir hópar í skotlínu þjóðernishyggju óskráðir innflytjendur í Bandaríkjunum og innflytjendur sem eiga uppruna í múslimaríkjum og aðhyllast íslamstrú.

Síðan árið 1965 hefur innflytjendakerfi Bandaríkjanna verið byggt upp í kringum þá hugmynd að fjölskyldur séu mikilvægar til að samþætta Bandaríkjamenn og hjálpa innflytjendum að verða afkastamiklir meðlimir í bandarísku samfélagi. Fjölskyldugildi hafa því verið afar mikilvæg í Bandaríkjunum. Mátti meðal annars sjá þessa áherslu þegar hæstiréttur Bandaríkjanna leyfði seinna ferðabanninu að taka gildi gagnvart öllum nema þeim sem ættu nánin fjölskyldutengsl við ríkisborgara í Bandaríkjunum. Trump-stjórnin virðist vera staðráðin í að snúa þessari þróun við. Þó Trump-stjórnin hafi hætt að aðskilja fjölskyldur á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó í júní 2018 þá heldur hún áfram að leita öfgakenndra leiða í innflytjendamálum sem heldur fjölskyldum aðskildum á annan og mun lúmskari hátt. Þriðja ferðabann Trump hefur stöðvað komu fjölskyldumeðlima frá sumum af óstöðugustu svæðum heims til að heimsækja ástvini í Bandaríkjunum. Með aukinni áherslu Trump-stjórnarinnar á óskráða innflytjendur hefur handtökum og brottflutningi fjölgað hratt. Þúsundir þeirra sem standa frammi fyrir brottflutningi hafa búið í Bandaríkjunum í áratugi, byggt upp nýtt líf og fjölskyldur sem þau þurfa nú að skilja eftir. Ljóst er að Trump-stjórnin er að víkja frá þeirri áherslu á fjölskyldugildi sem hefur einkennt bandarískt innflytjendakerfi í 50 ár.

Eriksen benti á að þjóðernishyggja sé ætíð notuð í pólitískum tilgangi. Þjóðernishyggja getur vakið upp sterkar tilfinningar hjá fólki og það er því auðveldlega hægt að hafa áhrif á marga með því að nota orðræðu sem ýtir undir þjóðernislegar tilfinningar fólks. Stjórnámálamenn eru meðvitaðir um þetta og nýta sér gjarnan orðræðu

Þjóðernishyggjunnar til að ná sínu fram. Trump hefur notað þjóðernishyggju óspart bæði í kosningabaráttu sinni og í embætti forseta Bandaríkjanna. Ekki er hægt að fullyrða að núverandi innflytjendastefna sé framhald af gegnumgangandi innflytjendastefnu Bandaríkjanna þar sem Trump er enn í embætti og gæti gert breytingar á stefnunni. Óhætt er þó að segja að mikil líkindi eru með stefnu Trump og fyrrum innflytjendastefnum Bandaríkjanna. Þónokkur atriði eru ólík en um margt er stefnan lík því sem áður hefur verið svo hún er kannski ekki eins mikið frávik og margir hefðu haldið. Ljóst er að afleiðingar þess að byrja að hindra aðgang að Bandaríkjunum árið 1882 með útilokun kínverskra innflytjenda hefur og mun halda áfram að hafa djúpstæð áhrif á fólksflutning til Bandaríkjanna, innflytjendakerfið sem og sjálfsmynd bandarísku þjóðarinnar.

6 Lokaorð

Innflytjendastefna Bandaríkjanna hefur verið afar áberandi eftir að Trump tók við embætti árið 2017. Í viðleitni sinni til að „gera Bandaríkin frábær aftur“ hefur Trumpstjórnin hert innflytjendalöggjöf Bandaríkjanna til að koma í veg fyrir komu tiltekins hóps innflytjenda. Í þessari ritgerð var kenningum þjóðernishyggju beitt til að þess að svara spurningunni: Er innflytjendastefna Trump framhald af eða frávík frá gegnumgangandi innflytjendasögu Bandaríkjanna?

Eins og ætti að vera orðið ljóst núna getur þjóðernishyggja verið afar öflugt valdataeki til að hafa áhrif á skoðanir fólks. Hún getur vakið upp sterkar tilfinningar hjá fólki og það er því auðveldlega hægt að hafa áhrif á marga með því að nýta sér þjóðernislega orðræðu. Pólitískir ráðamenn nýta sér því gjarnan orðræðu sem skírskotar til þjóðernislegra tilfinninga almennings til að ná sínu fram. Trump hefur beitt þjóðernishyggju óspart til að koma stefnumálum sínum til leiðar. Stöðug umræða hans um innflytjendur og neikvæðar afleiðingar þeirra hefur leitt til þess að sjálfsmynd Bandaríkjanna sem byggir ríki innflytjenda virðist í hættu. Þá virðist Trump vera að víkja frá einu af meginþekkingum bandaríks innflytjendakerfis síðustu áratugi sem er mikilvægi fjölskyldutengsla milli innflytjenda og ríkisborgara Bandaríkjanna.

Þeir sem stóðu að löggjöfinni sem sett var árið 1882 um útilokun kínverskra innflytjenda hafa líklega ekki gert sér grein fyrir þeim langvarandi áhrifum sem hún myndi hafa. Kynnti hún fyrir Bandaríkjunum hugmyndafræði sem snérist um að hindra aðgang óæskilegra innflytjenda sem hefur einkennt innflytjendastefnu Bandaríkjanna allar götur síðan. Í gegnum tíðina hafa mismunandi einkenni gert innflytjendur óæskilega í augum þeirra sem fyrir eru í landinu. Það sem hefur haft stöðug áhrif síðan fyrsta innflytjendalöggjöfin var sett eru þjóðerni, kynþáttur og stéttarstaða. Ljóst er að þessi einkenni hafa mikil áhrif á innflytjendastefnu Trump en trúarbrögð hafa fengið aukna áherslu í stefnubreytingum hans.

Það eru nokkrar forsendur sem hafa einkennt orðræðuna í bandarísku samfélagi þegar breytingar eru gerðar á innflytjendakerfi Bandaríkjanna vegna nýrra hópa innflytjenda. Þær eiga ekki síður við um þá hópa sem stefnubreytingar Trump beinast að. Ýmsar staðalímyndir hafa myndast um innflytjendur í bandarísku samfélagi. Meðal annars sú skynjun að tilteknir hópar innflytjenda geti ekki samlagast bandarísku samfélagi og þær

ranghugmyndir að þeir séu þar af leiðandi ógn við bandaríska ríkisborgara. Þessi sami ótti hefur leitt til hræðslu við breytingar á sjálfsmynd Bandaríkjanna. Eins og þáverandi forseti Bandaríkjanna Calvin Coolidge orðaði það á sínum tíma þá yrði að tryggja að „Ameríkanar yrðu áfram Ameríkanar“. Þessar forsendur eru þó í raun ímyndaðar. Eins og Anderson sagði þá eru þjóðir ímynduð pólitísk samfélög, rétt eins og það er ímyndun að hvíti kynþátturinn sé æðri öðrum. Þjóðernishyggja ýtir undir leit að sameiginlegum einkennum innan eins hóps og um aðgreinir hann um leið frá öðrum hópum. Hún ýtir í raun undir ótta milli manna.

Tvenns konar ótti hefur einkennt umræðu um fólksflutning til Bandaríkjanna. Annars vegar að innflytjendur séu komnir til Bandaríkjanna til að eyðileggja hagkerfið og stuðla að atvinnuleysi Bandaríkjamanna. Hins vegar ýtir orðræðan undir þá staðalímynd að innflytjendur og flóttafólk séu hættuleg, þau séu líklegri til að fremja ofbeldisverk, glæpi og hryðjuverk en innfæddir Bandaríkjamenn. Þessar staðalímyndir eru þó ekki raunverulegar heldur einkenni umræðu sem byggist á þjóðernishyggju. Öll þessi einkenni má sjá í stefnubreytingum Trump. Áberandi orðræða Trump er að fólk frá Mið- og Suður-Ameríku sé komið til Bandaríkjanna til að eyðileggja hagkerfi landsins og að þau samlagist ekki vegna þess fjölda sem sé spænskumælandi. Hann hefur einnig stuðlað að þeirri ímynd að innflytjendur frá Mið- og Suður-Ameríku séu hættulegir vegna tíðra ofbeldisverka og glæpa sem hann segir einkenna hópinn. Sú staðalímynd að múslimar séu komnir til Bandaríkjanna til að fremja hryðjuverk hefur lengi verið við lýði og hefur Trump nýtt sér þá orðræðu til að koma ferðabanninu á. Þessar staðalímyndir um þessa innflytjendahópa eru ekki raunverulegar, ekki frekar en sú staðalímynd að ætlunarverk kínverskra innflytjenda á 19. öldinni hafi verið að eyðileggja hagkerfi Bandaríkjanna.

Ljóst er að Trump-stjórnin hefur gert umtalsverðar breytingar á innflytjendakerfi Bandaríkjanna. Breytingarnar minna um margt á innflytjendakerfi Bandaríkjanna á fyrstu áratugum 20. aldarinnar. Ferðabannið mismunar fólki á grundvelli þjóðernis, kynþáttar, stéttar og trúarbragða. Þá hafa fyrirætlanir um landamæramúrinn og hert löggjöf með óskráðum innflytjendum mismunað fólki á grundvelli þjóðernis, kynþáttar og stéttarstöðu. Þetta er í raun í takt við fyrri útilokanir í bandarísku innflytjendakerfi. Það sem er í raun nýtt er vægi trúarbragða í stefnu Trump. Stjórnkerfi Bandaríkjanna hefur þó stöðvað eða haft áhrif á margar fyrirætlanir Trump í innflytjendamálum sem og öðrum

málaflokkum. Annars vegar hafði dómsvaldið mikil áhrif á útgáfu ferðabannsins og hins vegar hefur löggjafarvaldið stöðvað fyrirætlanir Trump um múr á landamærin. Einnig hafa lægri stjórnvöld í Bandaríkjunum sem oft á tíðum hafa hlutverk sem skarast á milli stjórnstiga gert það að verkum að Trump á erfitt með að koma stefnu sinni til leiðar. Það er því ljóst að Trump hefur ekki haft eins mikil áhrif á innflytjendastefnu Bandaríkjanna og margir telja.

Framlag þessarar ritgerðar til fræðanna er að varpa ljósi á innflytjendastefnu Trump út frá kenningu þjóðernishyggjunnar. Í klofnu pólitísku samfélagi nútímans þykir mörgum róttæk innflytjendastefna Trump gefa til kynna að nú sé komið að nýjum þáttaskilum í innflytjendastefnu Bandaríkjanna þar sem hann fari nýjar leiðir í hindrun aðgangs. Ritgerðin leiðir það hins vegar í ljós að Trump fer ekki nýjar leiðir heldur notast hann við fordæmi allt frá 19. öld þegar kínverskum innflytjendum var hafnað vegna þeirrar ógnar sem þótti stafa af þeim.

Ljóst er að innflytjendastefna Trump er enn að mótast og má daglega sjá nýjar fréttir um fólksflutning til Bandaríkjanna. Því er ekki hægt að fullyrða að innflytjendastefna Trump sé framhald af gegnumgangandi innflytjendastefnu Bandaríkjanna þar sem Trump er enn í embætti og getur enn gert umtalsverðar breytingar á stefnunni. Það er þó ljóst að innflytjendastefna Trump í dag er ekki eins mikið frávik og margir vilja halda. Um margt er hún lík þeirri innflytjendastefnu sem Bandaríkin höfðu í rúmlega 80 ár eða frá árinu 1880 til ársins 1960. Nærtækara væri að kalla innflytjendastefnu Trump afturför til tíma þegar ríki lokuðu landamærum sínum til að halda óvinum úti.

Þegar fram líða stundir og Trump hefur látið af embætti væri áhugavert að skoða hvaða áhrif innflytjendastefna hans mun hafa á innflytjendasögu Bandaríkjanna. Hvort arfleifð hans verði sú að hafa breytt goðsögninni um „Bandaríki innflytjendanna“ eða hvort hún verði ekki hluti þeirrar sögu sem ríkið velur að segja af uppruna sínum.

Heimildaskrá

- Albaladejo, Angelika. 2018. „Care and the Caravan: the unmet needs of migrants heading for the US.“ *BMJ* 363. Sótt 5. apríl 2019, doi: 10.1136/bmj.k5315
- Alter, Charlotte. 2019. „President Trump wants to make immigration key in 2020. Who does that help?“ *time.com*. 11. apríl. Sótt 16. apríl 2019.
<http://time.com/5566887/president-trump-wants-to-make-immigration-key-in-2020-who-does-that-help/>
- Altuntaş, Nezahat. 2010. „Religious nationalism in a new Era: A perspective from political Islam.“ *African & Asian studies* 9 (4): 418-435. Sótt 14. mars 2019, doi:10.1163/156921010X534805.
- Anderson, Benedict. 1983. *Imagined Communities: Reflections on the Origin and Spread of Nationalism*. 3. útg. London: Verso.
- Behdad, Ali. 2005. *A Forgetful Nation: On Immigration and Cultural Identity in the United States*. United States: Duke University Press.
- Bryan, Bob. 2016. „Americans fear of immigration is at its 2nd-highest level ever.“ *bussinessinsider.com*. 29. júní. Sótt 8. apríl 2019.
<https://www.businessinsider.com/american-immigration-fear-historically-high-2016-6?r=US&IR=T>
- Calavita, Kitty. 2000. „The Paradoxes of Race, Class, Identity, and “Passing”: Enforcing the Chinese Exclusion Acts, 1882-1910.“ *Law & Social Inquiry* 25 (1):1-40. Sótt 20. febrúar 2019, doi: 10.1111/j.1747-4469.2000.tb00149.x
- CNN Politics. 2017a. „Judges Temporarily block parts of Trump’s immigration order, WH stands by it.“ *cnn.com*. 29. janúar. Sótt 24. mars 2019.
<https://edition.cnn.com/2017/01/28/politics/2-iraqis-file-lawsuit-after-being-detained-in-ny-due-to-travel-ban/>
- CNN Politics. 2017b. „Supreme Court allows parts of travel ban to take effect.“ *cnn.com*. 27.júní. Sótt 20. mars 2019. <https://edition.cnn.com/2017/06/26/politics/travel-ban-supreme-court/index.html>
- CNN Politics. 2017c. „Trump admin to appeal travel ban rulings soon.“ *cnn.com*. 16. mars. Sótt 17. mars 2019. <https://edition.cnn.com/2017/03/15/politics/travel-ban-blocked/index.html>
- CNN Politics. 2018. „Everything you need to know about the travel ban: A timeline.“ *cnn.com*. 26. júní. Sótt 24. mars 2019.
<https://edition.cnn.com/2018/06/26/politics/timeline-travel-ban/index.html>

- Department of Homeland Security. 2017. „Fact Sheet: The President’s Proclamation on Enhancing Vetting Capabilities and Processes for Detecting Attempted Entry into the United States by Terrorists or Other Public Safety Threats.“ Síðast uppfært 10. apríl 2018. Sótt 26. mars 2019. <https://www.dhs.gov/news/2017/09/24/fact-sheet-president-s-proclamation-enhancing-vetting-capabilities-and-processes>
- Eriksen, Thomas H. 2010. *Ethnicity and Nationalism: Anthropological Perspectives*. 3. útg. London: Pluto Press.
- Fisher Phillips. 2017. „Legal alert: Travel Ban 3.0 – President Trump Revises Travel Ban.“ Fréttatilkynning 25. september. Sótt 26. mars 2019. <https://www.fisherphillips.com/resources-alerts-travel-ban-3-0>
- Forsetatilskipun 13767. 2017. „Border Security and Immigration Enforcement Improvements.“ 25. janúar. Federal Register 82 (18): 8793.
- Forsetatilskipun 13769. 2017. „Protecting the Nation From Foreign Terrorists Entry Into the United States.“ 27. janúar. Federal Register 82 (20): 8977.
- Forsetatilskipun 13780. 2017. „Protecting the Nation From Foreign Terrorists Entry Into the United States.“ 6. mars. Federal Register 82 (45): 13209.
- Forsetayfirlýsing 9645. 2017. „Enhancing Vetting Capabilities and Processes for Detecting Attempted Entry Into the United States by Terrorists or Other Public-Safety Threats.“ 24. september. Federal Register 82 (186): 45161.
- Gellner, Ernest. 1983. *Nation and Nationalism: New perspectives on the past*. Oxford: Blackwell.
- Giorgis, Hannah. 2019. „The Faulty Logic in Trump’s Travel Ban.“ *theatlantic.com*. 13. janúar. Sótt 22. mars 2019. <https://www.theatlantic.com/politics/archive/2019/01/trumps-travel-ban-logic-flaw/579631/>
- Glenn, Thrush. 2017. „Trump’s new Travel Ban Blocks migrants from six nations, sparing Iraq.“ *nytimes.com*. 6. mars. Sótt 29. mars 2019. <https://www.nytimes.com/2017/03/06/us/politics/travel-ban-muslim-trump.html>
- Guibernau, Montserrat. 1999. *Nations without States: Political Communities in Global Age*. Cambridge: Polity Press.
- Götzke, Frank og Steven G. Koven. 2010. *American Immigration Policy: Confronting the Nation’s Challenges*. New York: Springer.
- Heyman, J. M. 1995. „Putting Power in the Anthropology of Bureaucracy: The Immigration and Naturalization Service at the Mexico – United States Border.“ *Curren Anthropology* 36 (2): 261-287.

- Hooghe, Marc og Sofie Marien. „The Wall with Mexico is a utopian project for Trump’s supporters.“ 6. maí. Sótt 4. apríl 2019.
<https://blogs.lse.ac.uk/usappblog/2016/05/06/the-wall-with-mexico-is-a-utopian-project-for-trumps-supporters/>
- Jones, M. A. 1976. *Destination America*. 2. útg. London: Weidenfeld & Nicolson.
- Kellas, James G. 1998. *The Politics of Nationalism and Ethnicity*. 2. útg. London: Palgrave Macmillan.
- Kennedy, John F. 1964. *A nation of Immigrants*. New York: Harper & Row.
- Law, Anna O. 2002. „The Diversity Visa Lottery: A Cycle of Unintended Consequences in United States Immigration Policy.“ *Immigration & Ethnic History Society* 21 (4): 3-29.
- Lee, Erika. 2002. „The Chinese Exclusion Example: Race, Immigration, and American Gatekeeping, 1882-1924.“ *Journal of Ethnic History* 21 (3):36-62.
- Maltz, Eral M. 2018. „The constitution and the Trump travel ban.“ *Lewis & Clark law review* 22 (2): 391-412.
- Meckler, Laura. 2017. „Trump orders wall on at Mexican border.“ *wsj.com*. 25. janúar. Sótt 29. mars 2019.
<https://www.immigrationworksusa.org/uploaded/file/TRUMP%20ORDERS%20WALL%20AT%20MEXICAN%20BORDER.pdf>
- Miller, Todd og Joe Nevins. 2017. „Beyond Trump’s Big Beautiful Wall.“ *NCLA report on the Americas* 49 (2):145-151. Sótt 26. mars 2019, doi: 10.1080/10714839.2017.1331805.
- Morone, James og Rogan Kersh. 2018. *By the People: Debating American Government*. 3. útg. New York: Oxford University Press.
- Patel, Faiza og Rachel Levinson-Waldman. 2017. „The Islamophobic Administration.“ *Brennan Center For Justice*. 27.apríl. Sótt 19. mars 2019.
https://www.brennancenter.org/sites/default/files/publications/BCJ_Islamophobic_Administration.pdf
- Pei, Minxin. 2003. „The Paradoxes of American Nationalism.“ *Foreign Policy* 136: 30-37.
- Pierce, Sarah og Andrew Selee. 2017. *Immigration under Trump: A Review of Policy Shifts in the Year Since the Election*. Washington DC: Migration Policy Institute.
- Politico. 2017. „Ninth Circuit upholds block on Trump’s travel ban.“ *politico.com*. 6. desember. Sótt 24. mars 2019. <https://www.politico.com/story/2017/06/12/ninth-circuit-upholds-block-on-trumps-travel-ban-239433>

- Rudalevige, Andrew. 2018. „As a candidate Trump criticized Obama’s use of executive power. So guess what powers President Trump has been leaning on?“ *washingtonpost.com*. 20. janúar. Sótt 3. apríl 2019.
https://www.washingtonpost.com/news/monkey-cage/wp/2018/01/20/as-a-candidate-trump-criticized-obamas-use-of-executive-power-so-guess-what-powers-president-trump-has-been-leaning-on/?noredirect=on&utm_term=.27023406ec46
- Serwer, Adam. 2017. „The Nationalist’s Delusion.“ *theatlantic.com*. 20. nóvember. Sótt 7. apríl 2019. https://www.theatlantic.com/politics/archive/2017/11/the-nationalists-delusion/546356/?utm_source=atltw
- Smith, Anthony. 1991. *National Identity*. Nevada: University of Nevada Press.
- Stephens, Bret. 2018. „How, Exactly, Does This Travel Ban Keep Us Safe, Mr. President?“ *nytimes.com*. 27. júní. Sótt 20. mars. 2019.
<https://www.nytimes.com/2018/06/27/opinion/trump-travel-ban-terrorism.html>
- The Guardian. 2019. “What is a national emergency – and does it mean Trump can build his wall?“ *theguardian.com*. 15. febrúar. Sótt 4. apríl 2019.
<https://www.theguardian.com/us-news/2019/feb/14/trump-national-emergency-explainer-border-wall>
- The New York Times. 2018. „Trump Sending 5.200 Troops to the Border in an Election Season Response to Migrants.“ *nytimes.com*. 29. október. Sótt 8. apríl 2019.
<https://www.nytimes.com/2018/10/29/us/politics/border-security-troops-trump.html?login=email&auth=login-email>
- The New York Times. 2018. „Zero Tolerance Immigration Policy Surprised Agencies, Report finds.“ *nytimes.com*. 24. október. Sótt 4. apríl 2019.
<https://www.nytimes.com/2018/10/24/us/politics/immigration-family-separation-zero-tolerance.html>
- Triandafyllidou, Anne. 1998. „National identity and the ‘other’.“ *Ethnic and Racial Studies* 21 (4):593-612. Sótt 10. mars 2019, doi: 10.1080/014198798329784.
- Trump, Donald. 2017a. „The Inaugural Address.“ *whitehouse.gov*. 20. janúar. Sótt 2. apríl 2019. <https://www.whitehouse.gov/briefings-statements/the-inaugural-address/>
- Trump, Donald. 2017b. Viðtal. „Brody File Exclusive: President Trump Says Persecuted Christians Will be Given Priority as Refugees.“ *CBN News*, 27. janúar. Sótt 15. apríl 2019. <https://www1.cbn.com/thebrodyfile/archive/2017/01/27/brody-file-exclusive-president-trump-says-persecuted-christians-will-be-given-priority-as-refugees>
- Ward, Alex. 2018. „Read Trump’s speech to the UN General Assembly.“ *vox.com*. 25.september. Sótt 2. apríl 2019.
<https://www.vox.com/2018/9/25/17901082/trump-un-2018-speech-full-text>

Wood, Laura C N. 2018. „Impact of punitive immigration policies, parent-child separation and child detention on the mental health and development of children.“ *BMJ Peadiatr Open* 2 (1): 1-6. Sótt 5. apríl 2019, doi:10.1136/bmjpo-2018-000338

Young, Julia G. 2018. „Making America 1920 Again? Nativism and US Immigration, past and present.“ *Journal on Migration and Human Security* 5 (1): 217-235. Sótt 12. apríl 2019, doi:10.1177/233150241700500111